

# MARKAÐURINN

MAXWELL®  
HOUSE

Gott til síðasta dropa

Miðvikudagur 24. maí 2006 – 19. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550-100000

visir

Stjórnun fyrirtækja  
Lagasetning  
engin töfralausn



GUNNAR PÓR  
GÍSLASON

Fráfarandi stjórnarformaður Stoke telur hlutabréf í félöginnu hafa verið betri fjárfestingu en í DeCode.

Breskiauðkýfingurinn Peter Coates borgar fyrirfram tæpar 690 milljónir króna fyrir hlut Íslendinganna. Þá er klausum um árangurstengdar viðbótargreiðslur í kaupsamningnum. „Ef allt fer að óskum komum við út á nálli. Til þess að svo fari þarf allt að gagna upp og Stoke meðal annars að komast upp í Úrvalseild,“ segir Gunnar.

Hann segir Stoke vissulega hafa verið áhættufjárfestingu. „Þetta er nú skárra en margt annað. Peir sem keyptu í DeCode á sínum tíma eru til að mynda vettir staddir í dag en þeir sem keyptu í Stoke.“

- jsk

## Tapa líklega 330 milljónum

Íslenskir fjárfestar tapa að öllum líkindum þrjátíu prósentum af upphaflegri fjárfestingusinni í enska knattspyrnufélaginu Stoke. Fjárfesting Stoke Holding í knattspyrnufélaginu nam tæplega 1,1 milljarði króna.

Breskiauðkýfingurinn Peter Coates borgar fyrirfram tæpar 690 milljónir króna fyrir hlut Íslendinganna. Þá er klausum um árangurstengdar viðbótargreiðslur í kaupsamningnum. „Ef allt fer að óskum komum við út á nálli. Til þess að svo fari þarf allt að gagna upp og Stoke meðal annars að komast upp í Úrvalseild,“ segir Gunnar.

Hann segir Stoke vissulega hafa verið áhættufjárfestingu. „Þetta er nú skárra en margt annað. Peir sem keyptu í DeCode á sínum tíma eru til að mynda vettir staddir í dag en þeir sem keyptu í Stoke.“

- jsk

## Carnegie selt á besta tíma

Sænski bankinn Carnegie hefur lækkað verulega eftir að Landsbankinn losaði sig við fimmungshlut í fyrirtækini í síðasta mánuði. Landsbankinn seldi bréfin á genginu 162 og innleysti tíu milljardar í hagnað.

Hlutabréf í Carnegie stóðu í 137 sænskum krónum á hlut í gær eftir verulega lækkun á mánudaginn. Hefur markaðsvirði Carnegie því lækkað um fimmtíðan prósent á þessum tíma.

Sjálfur hefur Landsbankinn ekki farið varhulta af lækkunum. Hann er niður um sjö prósent frá því hluturinn í Carnegie var seldur.

Överulegar breytingar hafa aftur á móti orðið á gengi easyJet eftir að FL Group seldi sautján prósenta hlut sinn þar.

- eba

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Úr kauphöll** | Eignarhlutur Skoðunar í Kögum nemur nú 98,7 prósentum og því voru hlutabréf í Kögum fjarlægð úr Kauphöll Íslands eftir lokun markaða á miðvikudag.

**Forðinn minnkar** | Gjald-eyrisforði Seðlabanka Íslands dróst saman í apríl um 13,7 milljardar króna og nam 66,2 milljörðum króna í lok mánaðarins.

**Stórbankar með** | Evrópsku bankarnir Societe Generale CIB og Fortis gengu til liðs við Kaupþing banka í fjármögnun kaupa FL Group, Vífilfells og fleiri á Fresco.

**Stýrivextir hækka** | Bankastjórn Seðlabankans hækkaði stýrivexti um 0,75 prósentustig í 12,25 prósent sem var í samræmi við spár sérfraðinga.



**Skiptast á** | Bræðurnir Ágúst og Líður Guðmundssynir skiptast á störfum 26. maí og verður sá fyrrnefndi forstjóri og hinn síðarnefndi stjórnarformaður Bakkavarar Group.

**Vilja meira** | Forstjóri FL Group segir að félagið ætti sér stærri hluti í Glitni en félagið hefur verið ölt við að kaupa hluti í bankanum að undanförunu.

**Húsnaði hækkar** | Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 1,1 prósent á tímabilinu mars-apríl. Verð á fjölbýli hækkaði um 0,7 prósent en sérbýli um 2,5 prósent milli mánaða.

**Yfir væntingum** | Hagnaður Alfesca var 524 þúsund evrur, eða um 47 milljónir króna, á þriðja ársfjórðungi. Þetta er betri afkoma en greiningardeildir bankanna reiknuðu með.

### Listahátið í Reykjavík

Farsælt samstarf einkaaðila og hins opinbera

10



12-13

### Betsson.com

Fjöldi notenda margfaldast

18



# Vilja stíga stærri skref

Bankarnir skila tillögum um framtíð Íbúðaláanasjóðs á næstu dögum. Mikið ber í milli þeirra og stýrihóps félagsmálaráðherra. Bankarnir vilja ganga lengra í breytingum á sjóðnum.

Óli Kristján Ármansson  
skrifar

Eigin tillögur bankanna um framtíð Íbúðaláanasjóðs verða á næstu dögum kynntar stýrihópi sem félagsmálaráðherra skipaði til að koma fram með tillögur um framtíð sjóðsins.

Mikið ber í milli hjá stýrihópnum og bönkunum. Bankarnir höfnuði fyrstu hugmyndum stýrihópsins um að koma á sérstökum Íbúðabanka sem væri deild innan Íbúðaláanasjóðs. Telja bankarnir þar einungis haldið áfram ríkisábyrgð sem trufli aðra fjármögnum á markaði. Aukinheldur eru tillögurnar sagðar hafa gert ráð fyrir að bankarnir yrðu dreifileið fyrir Íbúðaláanasjóð þannig að aflögð yrði samkeppni og allir dreifðu lánum á sömu vöxtum.

Samkvæmt heimildum Markaðarins tók nokkurn tíma fyrir bankastofnanir hér að ná samstöðu um eigin tillögur þar sem áherslu þeirra og aðstæður eru mismunandi. Til dæmis er sagður mikill munur á stóru viðskiptabönkunum og svo sparísjóðum sem ekki fjármagna sig með sama hætti.

Tillögur bankanna eru nú í kynningu hjá stjórnendum sem málið varðar par innandyra og voru sendar út fyrir helgi. Samkvæmt heimildum Markaðarins eiga svo Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, og Bjarni Ármansson, forstjóri Glitnis banka, bókaðan fund með Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra eftir næstu helgi þar sem til stendur að ræða málið og önnur mál tengd starfsumhverfi bankanna í viðu samhengi. Bjarni og Halldór eru formaður og varaformaður Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) en þau hafa lagt mikla áherslu á að Íbúðaláanasjóður hverfi af samkeppnismarkaði.

## Alvarleg ofþensla í hagkerfinu

OECD telur frekari vaxtahækkanir og aðhald í ríkisfjármálum nauðsynleg til að ráða niðurlögum verðbólgunnar.

Mikil verðbólga og gríðarlegur viðskiptahalli er til marks um alvarlega ofþenslu í íslenska hagkerfinu samkvæmt skýrslu Efnahags og framfarastofnunar Evrópu (OECD) um efnahagsmál í heiminum.

Þá segir að fjármálamaður hafi ekki farið varhulta af spennu og ójafnvægi í hagkerfinu, gengi krónunnar hafi hækkað snarlega og Seðlabankinn brugðist

við verðbólguhættu með hækku stýrvaxta.

Stýrivextir Seðlabankans standa nú í 12,25 prósentum og telur OECD að frekari þörf sé á vaxtahækkanum til að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Þótt ríkisfjármálin séu í nokkuð góðu lagi þurfi að halda aftur af útgjöldum ríkisins, sérstaklega launagreiðslum til ríkisstarfsmanna, þar til merkja verði vart

um að verðbólgan sé á undan-haldi.

OECD spáir 5,6 prósenta verðbólgu á þessu ári og 5,3 prósent árið 2007. Hagvöxtur verður 4,1 prósent í ár en einungis 1,4 prósent að því næsta samkvæmt spá stofnunarinnar. Þá telur OECD að heldur dragi úr viðskiptahall-anum, hann verði 10,4 prósent vergrar landsframleiðslu árið 2007.

- jsk

Góð  
ávoxtun  
og lítil  
áhætta

Góð og örugg  
ávoxtun á lausafe fyrir  
einstaklinga, fyrirtæki,  
sveitarfélög og aðra fjárfesta.  
Kynntu þér ótvíða kosti  
Peningabréfa hjá ráðgjófum  
Landsbankans.

12,1%

Peningabréf  
Landsbankans

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfajöld og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbanki Íslands hf. er vörsluálli sjóðsins. Athugið fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóði hafa rýmt fjárfestingarheimildir svk. lögum heldu en verðbréfajöldi. Um frekari upplýsingar um sjóðsins, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfajöldum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, viðast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingum sem nálgast mið að afgreiðslum Landsbanki Íslands hf. auk upplýsinga á heimasiðu bankans, landsbanki.is.

\*Nafnávoxtun ársgrundvelli frá 3. apríl - 2. maí 2006.



Landsbankinn  
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis	0%	32%
Alfesca	-3%	-11%
Atorka Group	-4%	-14%
Bakkavör	-2%	-6%
Dagsbrún	8%	-8%
FL Group	-1%	-6%
Flaga	-3%	-16%
Glinnir	-1%	-3%
KB banki	-5%	-1%
Kögun	1%	22%
Landsbankinn	-5%	-17%
Marel	0%	8%
Mosaic Fashions	-5%	-12%
Straumur	-6%	1%
Össur	0%	-8%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

## Barist í fríblöðum

Útgáfufélag Jyllands Posten og Politiken hefur ákveðið að hefja útgáfu fríblaðs á næstu mánuðum sem dreift verður frítt inn á dönsk heimili. Það verður því í beinn samkeppni við Nyhedsavisen sem 365 Media Scandinavia, dótturfélag Dagsbrúnar, hefur í undirbúningi.

Svenn Dam, forstjóri 365 Media Scandinavia, segir að við bessu hafi verið að búast. „Þetta mun ekki hafa nein áhrif á okkar áætlanir en verður til pess að beina sjónum fólks enn frekar að fríblöðum í Danmörku sem er jákvætt.“ Hann segir útspil

útgáfufélagsins endurspeglar breytt hugarfar til fríblaða af þessu tagi. „Fyrir fjórum vikum bötti þessum sömu mönnum hugmyndin heimskuleg, nú þykir þeim hún frábær.“

Á mánudag bárust þær fréttir að Dagsbrún hefði boðið dönsku sjónvarpsstöðinni TV2 samstarf um fréttastofu sem Nyhedsavisen hyggist setja á fót. Svenn segir þær viðræður á algjöru frumstigi en munu halda áfram. „Við höfum líka tilkynnt öðrum fjölmöldum að til boða standi að kaupa af okkur fréttir í gegnum fréttastofuna.“ - hhs

## Sjö félög yfir 100 milljarða

Bakkavör Group slæst í hópinn

Félög sem eru yfir 100 milljarðar að markaðsvirði hafa aldrei verið fleiri en um þessar mundir. Bakkavör Group er nýjasta félagið í þessum hópi en félagið skaust yfir 100 milljarða műrinn þegar það jóm hlutafé um tuttugu milljarða á dögumunum.

KB banki er eftir sem áður langverðmætasta fyrirtækið í Kauphölli, metið á 488 milljarða króna. Glinnir, Landsbankinn og Actavis sitja í næstu sætum á eftir og vekur athygli að síðast-nefnda félagið sækir hratt á bankana tvo. Á meðan allir viðskiptabankarnir hafa lækkað frá áramótum hefur gengi Actavis hækkað um þriðjung.

Fyrsta félagið sem skreið yfir þriggja stafa töluna var Pharmaco, sem síðar varð Actavis, seitn á árinu 2003.

- eþa



VERÐMÆTASTA FYRIRTÆKID Markaðsvirði sjö félaga í Kauphöll er orðið meira en 100 milljarðar króna.

FÉLÖG YFIR 100 MILLJARÐA VIRÐI		
Félag	Markaðsvirði	Breyting
KB banki	488	-2%
Glinnir	238	-3%
Landsbankinn	231	-17%
Actavis	220	32%
Straumur-Burðarás	167	1%
FL Group	111	-6%
Bakkavör Group	102	-6%

\* Tölur miðast við mánudaginn.

\*\* Breyting frá áramótum

## Undir merkjum Landsbankans



VÖRUMERKI LANDSBANKANS Vörumerki verðbréfþyrirketisins Teather &amp; Greenwood eftir að það hóf útgáfu greiningarefnis undir merkjum Landsbankans.

Greiningarefni bresku verðbréfþyrirkjanna Kepler Equities, Teather & Greenwood og Merrion hefur verið sameinað undir merkjum Landsbankans. Bankinn keypti fyrirtækin í fyrra en útgáfa og dreifing á greiningarefni undir samræmdu vörumerki er þegar hafin.

Sigurjón P. Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir að breytingin sé fyrsta skrefið í þá átt að samtvina starfsemi fyrirtækjanna inn í Landsbankann en greiningardeildirnar verða með sameiginlegan gagnagrunn. „Með þessu verður samstæða Landsbankans farin að rannsaka með reglubundnum hætti um 800 fyrirtæki í Evrópu. Það gerir greiningardeildina eina af þeim stærstu í álfunni,“ segir hann.

Hjá samstæðu Landsbankans

- jab

starfa 90 manns við greiningar á hlutabréfum og um 100 miðlarar starfa á vegum bankans í helstu fjármálamiðstöðum Evrópu og í Bandaríkjunum við miðlun hlutabréfa til fagfjárfesta.

Sigurjón bendir jafnfraamt að þótt fyrirtækin fari nú fram í nafni Landsbankans skipti þau ekki um nafn enda felist ákveðin verðmæti í þeim. „Að sama skapi felast verðmæti í því að hafa allt undir einum merki og með því eykst sýnileiki Landsbankans á alþjóðavettvangi,“ segir Sigurjón P. Árnason.

## NordicPhotos bætir við



Arnaldur Gauti Johnson, Kjartans Dagbjartssonar, Hreins Ágústssonar og Thors Ólafssonar.

Á myndabanka NordicPhotos er nú hægt að finna um níutíu þúsund ljósmyndir á stafrænu formi frá um fimm hundruð ljósmyndurum. Hjá fyrirstarfsmenn, á skrifstofum í Reykjavík og Stokkhólmi. Áætluð ársvelta NordicPhotos eftir kaupin er um tvö hundruð milljónir íslenskra króna.

- jsk

## Bankarnir á bremsunni

Hertar kröfur lánastofnana um hámarkshlutfall íbúðalána. Hlutfallið komið undir 80 prósent í flestum tilvika. Lánastofnanir fara betur yfir gögn frá umsækjendum.

Eggert Þór Áðalsteinsson

skrifar

Pótt fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu haldið áfram að hækka samkvæmt tölum frá Fasteignamati ríkisins verða aðilar á fasteignarmarkaði varir við að fjármálastofnanir hafi hert kröfur sínar um láns hlutföll vegna íbúðakaupa og undirbúi sig undir raunverðslækkun á fasteignum. Hafa flestir bankar og sparisjóðir fært hámarks-lán undir 80 prósent af markaðsvirði eignar sem lengi vel hefur verið almennt viðmið. Einnig er farið betur yfir láns sumsóknir og greiðslumat af hverju sinni.

Um tíma gátu viðskiptavinir fengið 100 prósent lán hjá flestöllum fjármálastofnum gegn ströngum skilyrðum en lítið var um lánveitingar af þeim toga.

Hermann Jónasson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Landsbankans, segir að meginreglan nú sé su að láns hlutfall miðist við 70 prósent þótt hvert tilvik sé metið fyrir sig. Þannig geti veðhlutfall hlaupið á bilinu 70 til 80 prósent.

Frjálsi fjárfestingabankinn hefur lækkað hámarkshlutfall úr 80 prósentum í 75 prósent en ekkert hámarksþak er á upphæð lána. Kristinn Bjarnason, framkvæmdastjóri Frjálsa fjárfestingabankans, segir að með lækkan hlutfallsins vilji

stjórnendur bankans hafa vaðið fyrir neðan sig og sjá hvort markaðurinn stefni. Með því að gefa út hvert hámarkshlutfallið er viti viðskiptavinur bankans nákvæmlega að hverju hann gengur.

Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri hjá SPRON, tekur í sama streng um að sparisjóðurinn vilji stíga varlega til jarðar og fara starfsmenn betur yfir greiðslumat og verðmat frá fasteignasöldum. SPRON miðar enn við 80 prósent láns hlutfall þegar kauptilboð liggur fyrir en horfir á 70-75 prósent veðhlutfall þegar um endurfjármögnum er að ræða. Íbúðir fari ekki lengur á uppsettum verði eins og áður þekktist. Ef um lán er að ræða í erlendum myntum er hámarkið 60 prósent.

KB banki hefur ekki breytt sínum viðmiðum og lánar allt að 80 prósent af verðmati eignar að sögn Sigurðar Kristjánssonar, forstöðumanns á viðskiptabankasviði KB banka. Vextir af nýjum íbúðalánum KB banka eru einnig lægri en víðast hvar innan bankakerfisins, eða 4,75 prósent auk verðtryggingar.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins er starfsmönnum sparisjóða uppálagt að fara undir 80 prósent viðmið þegar óskáð er eftir íbúðalánum. Það er þó háð fjárhagsstöðu umsækjenda hverju sinni.

Hæsta láns hlutfallið er enn hjá Íbúðalánsjóði, eða 90 prósent af kaupverði eignar, en hámarks-lán miðast við 18 milljónir króna.



BANKA HERÐA ÚTLÁNAKRÖFUR TIL ÍBÚÐAKAUPA Hámarkshlutfall íbúðalána bankanna er í flestum tilvikum komið undir 80 prósent af verðmati eignar. Landsbankinn hefur þá meginreglu að miða við 70 prósent.

MARKAÐURINN/GVA

## Er þak á þinni starfsemi?

Allir þurfa þak yfir höfuðið - líka þitt fyrirtæki!

"Hefur þú kynnt þér kosti eignaleigu við fjármögnum atvinnuhúsnaðis? Með sérsniðinni ráðgjöf í bland við persónulega þjónustu, höfum við hjá LÝSINGU hjálpað fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum að koma þaki yfir sína starfsemi."

Sigurbjörg Leifsdóttir

Ráðgjafi, fyrirtækjasvið

**LÝSING**  
Fjármögnum í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22  
Glerárgötu 24-26  
Sími 540 1500 Fax 540 1505  
[www.lysing.is](http://www.lysing.is)



# Siáðu C4

# 22.868\*

Mán.gr. Bilasamningur  
Lýsingar og Brimborgar

**sóltílboð**

Lægra verð. Betri kjör.



## C4 SALOON

Citroën C4 SALOON SX  
1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hö\*  
Bilasamningur 22.868 kr.  
Rekstrarleiga 36.217 kr.  
Verð án sóltílboðs 1.949.000 kr.  
Sóltílboð 1.869.000 kr.

Citroën frelsar þig úr viðjum vanans. Hönnun er aðalsmerki. Flott útlit, aukið öryggi og þægindi er munaður sem studd eru snjöllum tækninýjungum. Og ekki er að finna í bílum keppinautanna. Um leið og þú lítur Citroën augum renna gömul sannindi upp fyrir bér á ný: Frakkar hafa engu gleymt og hafa enn eina ferðina sett ný viðmið hvað varðar aksturs-ánægju, öryggi og þægindi. Láttu sjá þig á Citroën. Komdu í Brimborg. Veldu Citroën á góðu sóltílboði Brimborgar.

### Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl á góðu sóltílboði Brimborgar. Þú færð peninginn beint í vasann eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.

**Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal.**  
**Bíldshöfða 8.**

Aflaðu þér.  
frekari upplýsingar  
[www.citroen.is](http://www.citroen.is)



## Lægra verð. Betri kjör. Góður bílasamningur: Aðeins 20 prósent út.



Citroën C2 VTS 1.6i  
3 dyra 5 gíra 125 hö\*  
Bilasamningur 21.644 kr.  
Rekstrarleiga 35.365 kr.  
Verð án sóltílboðs 1.849.000 kr.  
Sóltílboð 1.769.000 kr.



Citroën C3 SX 1.4i  
5 dyra 5 gíra 75 hö\*  
Bilasamningur 18.707 kr.  
Rekstrarleiga 35.420 kr.  
Verð án sóltílboðs 1.599.000 kr.  
Sóltílboð 1.529.000 kr.



Citroën C4 COUPÉ VTR 1.6i  
3 dyra 5 gíra 110 hö\*  
Bilasamningur 22.525 kr.  
Rekstrarleiga 35.758 kr.  
Verð án sóltílboðs 1.919.000 kr.  
Sóltílboð 1.842.000 kr.



Citroën Xsara Picasso Exclusive 2.0i  
5 dyra sjálfskiptur 137 hö\*  
Bilasamningur 28.374 kr.  
Rekstrarleiga 44.704 kr.  
Verð án sóltílboðs 2.399.000 kr.  
Sóltílboð 2.319.000 kr.



Citroën C5 X 1.8i  
5 dyra 5 gíra 117 hö\*  
Bilasamningur 26.294 kr.  
Rekstrarleiga 42.168 kr.  
Verð án sóltílboðs 2.219.000 kr.  
Sóltílboð 2.149.000 kr.



Citroën Berlingo Multispace 1.6 dísil  
5 dyra 5 gíra 90 hö\*  
Bilasamningur 22.133 kr.  
Rekstrarleiga 36.075 kr.  
Verð án sóltílboðs 1.889.000 kr.  
Sóltílboð 1.809.000 kr.

Komdu núna. Sóltílboð Brimborgar  
gildir aðeins til 31. maí n.k.  
eða meðan birgðir endast.

**brimborg**  
Öruggur staður til að vera á

Sumarið  
í Brimborg



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.citroen.is](http://www.citroen.is)

# SPRON seldi stofnfé fyrir 5,5 milljarða

SPRON seldi á dögumnum stofnfé fyrir 5,5 milljarða króna, eða 2,8 milljarða að nafnvirði. Bauðst stofnfjáreigendum að riflega tvöfalta þann eignarhlut sem heir áttu fyrir útboðið. Uppreknað verðmæti stofnfjár standur því í 9,7 milljörðum króna.

Gengi á stofnfjárbreyfum hefur verið um 3,5 eftir að opnað var fyrir viðskipti að nýju. Jafngildir bað genginu sjó fyrir aukningu stofnfjár.



**SPRON SELDI NÝTT STOFNFÉ** Stofnfé er komið í 9,7 milljarða króna.

Þetta var í briðja skipti á einu ári sem SPRON eykur stofnfé sitt.

- efa

# Icelandic hagnast um 87 milljónir

Icelandic Group hagnaðist um 87 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi en rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 894 milljónum. Hagnaður dróst saman um 57 prósent á milli ára. Heildartekjur samstæðunnar voru 32,7 milljarðar króna á tímabilinu en kostnaðarverð seldra vara var 29,1 milljarður og jukust hvort um sig um 42 prósent.

Björgólfur Jóhannsson segir að



**BJÖRGÓLFUR JÓHANSSON**

reksturinn sé á rétti leið en mikil endurskipulagning hefur átt sér stað. Hátt hráefnisverð hafði neikvæð áhrif á afkomu samstæðunnar, einkum í framleiðslunni í Asíu og hjá Pickenpack. Í morgunkorni Glitnis kemur fram að afkoma á næstu fjórðungum þurfi að batna talsvert til bess að áætlanir Icelandic fyrir árið gangi upp en stefnt er að velta samstæðunnar verði 110-120 milljarðar á árinu.

- efa

## Eimskip kaupir

Eimskip hefur gengið frá kaupum á helningshlut í litháenska skipafélaginu Kursiu Linija, sem er eitt stærsta skipafélagið í Eystrasaltsríkjunum í einkaeigu. Kaupverðið er trúnaðarmál.

Meðal helstu viðskiptavina félagsins eru Masterfood, Procter & Gamble, Gillette og IKEA.

Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að heildartekjur Kursiu Linija, sem stofnað var árið 1995 og með sex skip í rekstri, hafi numið rúmum 4,3 milljörðum íslenskra króna í fyrra. Gert er ráð fyrir 1,3 milljarða króna aukningu á árinu og góðum hagnaði.

- jab

## Þjónusta VefTV bætt í útlöndum

Settur hefur verið upp utan landsteinanna búnaður þeim til hægðarauka sem staddir eru í útlöndum og vilja sækja sér fréttir á Netinu og annað efni á VefTV Vísísi.

Að sögn Og Vodafone sem annst rekstur vefþjónustu 365 hefur verið mikil eftirspurn hjá netnotendum í útlöndum eftir því efni sem boðið er upp á án endurgjalds frá 365 ljósvakamiðlum á VefTV. „Fleiri þúsund einstakra notenda sem búa í Evrópu og N-Ameríku notfæra sér VefTV

- óká

í hverjum mánuði. Þá eru einnig fjölmargir sem nota VefTV í öðrum löndum nær og fjær,“ segir í tilkynningu frá fyrirtækinu.

Meðal efnis sem haegt er að sækja án endurgjalds á VefTV á slóðinni Vísir.is og Íslendingar á ferðalögum eða búsettir erlendis nýta sér gjarnan eru íþróttatréttir og íþróttatengt efni frá Sýn, innlent efni frá Sirkus, fréttir og fréttatengt efni frá NFS og innlend og erlend tónlistarmyndbönd á PoppTV.



**Á RÁÐSTEFNU ECONOMIST Á MÁNUÐAG** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra kannaðist ekki við að hér vantaði tölur sem notaðar væru í alþjóðlegum samanburði á tekjujöfnuði þegar hann var nýverið spurður út í þær á ráðstefnu Economist um efnahagsmál hér.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Stuðullinn birtur á árinu

Á nýlegri ráðstefnu Economist í Reykjavík kannaðist forsætisráðherra ekki við vontun á tolum um tekjujöfnuð. Hagstofan segir þær munu liggja fyrir síðar á þessu ári.

**Oli Kristján Ármansson**  
skrifar

Hagstofa Íslands stefnir að því að birta á þessu ári útreikninga

á svokölluðum Gini-stuðli sem sýnir hvernig tekjur dreifast á landsmenn.

Þorvaldur Gylfason prófessor spurði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra á ráðstefnu Economist um íslensk efnahagsmál hverju það sætti að hér lægju ekki fyrir þessir útreikningar, sem hann taldi að myndu sýna fram á að hér hefði misskipting tekna aukist. Forsætisráðherra sagðist draga í efa að hér væri að finna ójöfnuð í þá veru og hafði ekki heyrta af því að fyrnefndur Gini-stuðull lægi hér ekki fyrir. „Ég veit ekki til þess að hér hafi vantað einhverja tölfræði, það eru fréttir fyrir mér,“ sagði hann og benti að tekjur landsmanna hefðu aukist mjög síðustu ár.

Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri segir hafa staðið til í nokkurn tíma að birta útreikninga á Gini-stuðlinum en sökum anna hjá stofnuninni hafi dregið að koma því í verk. Áður var Gini-stuðullinn reiknaður út hjá Þjóðhagsstofnun og þá segir Hallgrímur fjármálaráðuneytið hafa reiknað út stuðulinn. „Ætlunin hefur verið að

endurskoða og endurvinna tekju-tölur fyrir nokkur síðstu ár og reikna að því loknu og birta þessa stuðla,“ segir Hallgrímur, en áréttar um leið að hér hafi verið birtar aðrar tölur um tekju-dreifingu. „En væntanlega verður þetta birt einhvern tímamann á þessu ári. Það hefur bara ekki komist að vegna anna við önnur verkefni.“

Gini-stuðullinn er alla jafna birtur sem prósenta þar sem náll prósent þýðir að allir hafi sömu tekjur og jöfnudur þar með fullkominn, en 100 þýðir að einhver einn hafi allar tekjurnar og hinir ekkert, ójöfnudur fullkominn. Þannig er Gini stuðullinn í Danmörku 24,7 en 46,6 í Bandaríkjunum samkvæmt nýj-ustu mælingum sem Sameinuðu þjóðirnar hafa birt. Í vefriti fjármálaráðuneytisins í febrúar í fyrra segir að árið 2004 hafi Gini-stuðullinn hér verið 30,0 að með-reiknuðum fjármagnstekjum, en 23,0 án þeirra. Sí mæling náði þó eingöngu til hjóna og samþúðarfólks og því ekki samanburðarhæf við tölur Sameinuðu þjóðanna.


## TEKJUJÖFNUÐUR ÞJÓÐA

Land	Gini- stuðull	Könnunar- ár
1 Danmörk	24,7	1997
2 Japan	24,9	1993
3 Svíþjóð	25,0	2000
4 Belgia	25,0	1996
5 Tékkland	25,4	1996
6 Noregur	25,8	2000
7 Slóvakía	25,8	1996
8 Bosnía og Herzegovína	26,2	2001
9 Úsbekistan	26,8	2000
10 Finnland	26,9	2000



**HALLGRÍMUR SNORRASON**

Heimild: Sameinuðu þjóðirnar, Development Program Report 2005.



**KOMIN Á SLÓÐINA** Hægt er að nálgast sjónvarpsefni 365 ljósvakamiðla á VefTV hvar sem fólk kemst í netsamband.

**KB SPARIFÉ**  
REGLUBUNDINN  
SPARNAÐUR  
FYRIR NÝJAN DAG  
OG NÝ TÆKIFÆRI

Nánari upplýsingar á kbbanki.is,  
í síma 444 7000 eða í næsta  
útibúi KB banka.



# NÝJAR FELGUR

*fyrir aðurð*

2298 / Teknik 01 03 06



## Vorið er komið.

Nú þegar dagurinn lengist er kominn fími álfelganna.  
Bíllinn tekur miklum breytingum með nýjum felgum.  
- Hann gjörsamlega skiptir um ham!

## Hvaða felgur henta bílnum þínum?

Komdu við hjá okkur og skoðaðu það nýjasta í felgum.  
Fagmenn okkar veita þér ráðgjöf í vali á felgum fyrir bílinn þinn.  
- Við erum fagmenn í felgum!

### Gúmmivinnustofan

Réttarhálsi 2 · 110 Reykjavík

**587 5588**

[www.gvs.is](http://www.gvs.is)

### Hjólbarðahöllin

Fellsmúla 24 · 108 Reykjavík

**530 5700**

[www.hollin.is](http://www.hollin.is)



## Verðlækkun eðalmálma

Verð á gulli lækkaði enn frekar í framvirkum samningum á föstudag í síðustu viku en um var að ræða fimmstu lækkunina á jafn mörgum dögum. Lækkunin á föstudagnum 18,90 bandaríkjadolum á únsu eða 2,9 prósentum og stóð únsan síðegis á föstudag í 622 dolum.




sem töldu gull geta hækkað enn frekar og farið jafnvel í 850 dali á únsu á næstu tólf mánuðum. Með þetta fyrir augum hafa fjárfestar keypt gull í auknunum mæli, sem í aldanna rás hefur þótt traust fjárfesting.

Gull er ekki eini málmurinn sem lækkad hefur í verði í framvirkum samningum síðustu daga en kopar hefur farið niður um 11,5 prósent og silfur um 12,18 prósent síðan 11. maí þegar verð á málum fór í hæstu hæðir. - jab

Gull fór í sögulegt hámark 11. maí síðastliðinn en fór snarlega niður daginn eftir. Lækkunin hefur numið 8,2 prósentum sem svarar til 59,50 dala lækkunar.

Þetta er þvert á væntingar marga fjármálasérfræðinga,



KJARNOKUVER Í BRASILÍU Sérfræðingar spá að það stefni í skort á úrani vegna fjölda kjarnorkuvera sem áætlað er að reisa á næstu árum. MYND/AFP

## Stefnir í úranskort

Úran hækkaði mikið í verði í síðustu viku og virðist stefna áætlun nokkurra landa sem hyggjast reisa kjarnorkuver á næstu árum í voða. Margar þjóðir hyggjast reisa kjarnorkuver, og má þar nefna Bretta, Finna, Frakka og Bandaríkjameinnum. Pá ætla Kínverjar að reisa allt að 30 kjarnorkuver fyrir árið 2020.

Eftirspurn eftir úrani hefur aukist mikið samfara fjölgun kjarnorkuvera og fór pundið af úrani í 41,5 bandaríkjadalí í lok síðustu viku. Það er umtalsverð hækkuð frá lægsta úranverðinu er það stóð í 6,7 dollurum á pundið árið 2001.

- jab

## Allt fyrir kúnnann

Jeff Bezos, forstjóri og stofnandi vefverslunarinnar Amazon.com, var ræðumaður á árlegum hádegisverðarfundi Tækniþandalagsins svokallaða (e. Technology Alliance) í Washington-háskóla í Seattle í Bandaríkjum í síðustu viku.

Bezos lýsti því meðal annars á fundinum hvernig Amazon.com nýtti tæknina til að sinna viðskiptavinum sínum betur. Sagði hann stjórnendur vefverslunarinnar hafa tekið þá ákvörðun á upphafsdögum fyrirtækisins að auglýsa voru frá þrója aðila á sömu vefsíðu og verslunin auglýsti sínar eigin vörur. Pá hafi fyrirtækið sömuleiðis sent viðskiptavinum skilaboð ef þeir keyptu tvö einök af sömu vörunni til að koma í veg fyrir að þeir gerðu mistök.



FRÁ FUNDINUM Jeff Bezos (til hægri) ræddi um verslun sína, Amazon.com, á hádegisfundi Tækniþandalagsins. MYND/AP

Hafi þessar ákværðanir skilað góðum árangri, að hans sögn.

Bill Gates, sem er stofnandi og forstjóri bandaríksa hugbúnadarrisins Microsoft, stofnaði Tækniþandalagið ásamt eiginkonu sinni Melindu fyrir tú árum til að efla, auk annars, rannsóknir á áhrifum tækni á efnahagslífið. - jab

# 12,2%\*

Peningamarkaðssjóður IV

\*Nafnávöxtun í apríl 2006 á ársgrundvelli



## Man. Utd verðmætast

Fjögur af verðmætustu knattspyrnufelögum í heimi eru ensk. Arsenal er hástökkvari lista Forbes.

Manchester United er verðmætasta knattspyrnufelag í heimi samkvæmt lista bandaríksa viðskiptatímartsins Forbes. Félagið er metið á rúma 96 milljarða íslenskra króna og ber höfuð og herðar yfir önnur.

Spænska stórlíðið Real Madrid er í öðru sæti, metið á rúma sjötíu milljarða. AC Milan, gæluverkefni Silvios Berlusconi fyrverandi forsætisráðherra Ítalíu, er í því briða, talið tæplega 65 milljarða króna virði. Arsenal er hástökkvari listans og er nú metið á tæpa sextíu

milljarða króna. Munar þar mestu að félagið flytur á næsta tímabili á nýjan og glæsilegan leikvang í Norður-Lundúnnum. Bæversku risarnir í Bayern München eru í fimmsta sæti, taldir 54 milljarða króna virði. Nýkrýndir Evrópumeistarar Barcelona sitja í tiunda sæti listans.

Englendingar eiga fjóra fulltrúa á meðal verðmætustu tíu, Ítalir þrjá og Spánverjar two. Bayern München er eini fulltrúi Þýskalands. Athygli vekur að ensku meistararnir í Chelsea, með aðgang

### VERÐMÆTUSTU KNATTSPYRNU-LIDIN SAMKVÆMT FORBES

1. Manchester United (ENG)	96
2. Real Madrid (SPA)	70
3. AC Milan (ITA)	65
4. Arsenal (ENG)	60
5. Bayern München (PÝS)	54
6. Juventus (ITA)	48
7. Chelsea (ENG)	36
8. Inter Milan (ITA)	35
9. Barcelona (SPA)	31
10. Liverpool (ENG)	26

\*Upplýsingar af www.forbes.com

\*\*Tölur í milljörðum íslenskra króna

að botnlausum vösum rússneskars ólígarkans Romans Abramovich, komast bara í sjóunda sætið á listanum.

-jsk

## Bjart yfir bítlínnum

Líkur eru á að Paul McCartney þurfi ekki að greiða konu sinni fúlgur fjár vegna skilnaðarins.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson


skrifar

Bítillinn fyrverandi Paul McCartney og kona hans, Heather Mills, greindu fjölmöldum frá því í síðustu viku að þau hefðu ákveðið að skilja eftir fjögurra ára hjónaband. Þegar parið létt þússu sig saman neitaði bítillinn að gera kaupmála við spúsuna sína en það veitir Mills rétt á allt að helmingi af eignum McCartneys samkvæmt bandarískum lögum en fjórðungi samkvæmt breskum lögum. Eignir bítlíslins fyrverandi eru metnar á rúma 92 milljarða íslenskra króna. Bresk dagblöð telja einn dýrasta skilnað sögunnar í vændum.

Miklar líkur eru bó á að málalok verði hliðholl McCartney því meirihlutin skilnaðarmála sem enda hjónaband hafa fallið körlum í vil.

Alan Kaufman, lögfræðingur hjá breskum lögfræðistofnum Finers Stephens Innocent segir í samtali við bandaríksa viðskiptatímartsins Forbes, að þegar málid verði tekið fyrir muni verða horft til þess hversu lengi hjónabandið stóð yfir, hversu mikið Heather Mills lagði til heimilishaldsins og fjöldu barna. McCartney lagði hins vegar hvorki meira né minna en rúma 4,2 milljarða króna til búsinum á þeim fjórum árum sem hjónabandið varði. Þá eiga þau eina dóttur, Beatrice Milly, sem verður briggja ára á árinu. Óvist er um niðurstöðu málinsins en Bretland er kjörið land fyrir efnanda karlmenn til að útkljá skilnaðarmál sín, að mati Kaufmann.

Pessu til sönnunar bendir hann á að framkvæmdastjóri verðbréfásjóðsins City of London Fund var fyrir nokkru dæmdur til að greiða konu sinni 9 milljónir bandaríkjadalala eftir einungis tveggja ára hjónaband þegar það var dæmt í undirrétti. Maðurinn, sem heitir Alan Miller, áfrýjaði málina og eru nú líkur á öllu hagstæðari niðurstöðu fyrir hann í hæstarétti.



MCCARTNEY OG MILLS Þótt bítillinn fyrverandi þurfi ekki að greiða fyrverandi eiginkonu sinni helming eigna sinnar er búist að skilnaðurinn verði með þeim dýrustu í sögunni.

Mynd/AP

## Systurfélög easyJet säkja fram á við

Stelios stendur í stríði við Domino's í Bretlandi

Stelios Haji-Ioannou, aðaleigandi easyJet, sér mikil sóknarfæri fyrir skemmtiferðaskipafélagið easyCruise. Í sumar mun easyCruise hefja siglingar á milli frónsku og ítölsku rívíferunum og í kringum Amsterdam.

Ór vöxtur hefur verið innan bessa iðnaðar frá árinu 2001 og ferðast nú 1,2 milljónir Bretna með skemmtiferðaskipum á hverju ári, sem er fjórfalt meira en árið 1992. Farþegum frá Spáni og Ítalíu fjölgða um

meira en fjórðung á síðasta ári. Jafnframt hefur annað fyrirtæki í eigu Stelios, easy-Pizza, vaxið hratt og stendur í miklu stríði við Domino's Pizza á Bretlandsmarkaði. Forstjóri Domino's, Stephen Hemsley, ataði auri yfir easyPizza á síðum Times fyrir nokkru en Stelios, sem kallaði ekki allt ömmu sína, svaraði honum þannig: „Fleiri taka easy-Pizza fram yfir Domino's, enda er Domino's tvöfalt dýrari.“

- epa



STELIOS HAJI-IOANNOU EasyCruise bætir við sig skipaleiðum.



## ÍSLENSK VERÐBRÉF

EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

460 4700 • www.iv.is

Peningamarkaðssjóður IV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfásjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóði hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfásjóði og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvad varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins eru að finna í útböðslýsingu og útdrátti úr útböðslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasiðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður IV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfásjóða IV.

GEIMSTOFAN



L I N D B E R G

frábæru fisléttu titan umgjarðirnar

**Sumartilboð!**

Frí sólgler í þínum styrkleika  
þegar keypt eru ný gleraugu.  
-6,00 / +4,00 cyl 2,00



Gleraugnaverslunin  
í Mjódd Álfabakka 14 • Sími: 587 2123

Gleraugnaverslun  
Suðurlands Selfossi • Sími: 482 3949

**Augnsýn**  
GLERAUGNAVERSLUN  
Fjarðargata 13-15  
Sími 565 4595

## Umskiptum að ljúka

Bandarískatölvufyrirtækið Apple Computer Inc. setti 13 tommu MacBook-fartölву á markað í Bandaríkjunum á þriðjudag í síðustu viku. Tölvan markar nokkur tímamót hjá fyrirtækinu en frá og með útgáfu hennar eru allar fartölvur frá Apple komnar með Intel Core Duo-örgjörva frá Intel. Þær einu sem enn hafa örgjörva frá IBM eru dýrar gerðir af PowerMac-borðtölvum. Stefnt er að því að allar tölver frá Apple verði með nýja örgjörvann undir lok ársins.

Að sögn forsvarsmanna Apple er vonast til að með umskiptunum muni markaðshlutdeild Apple aukast en á meðal þess sem fyrirtækið hefur gert til að auka hana enn frekar er útgáfa á hugbúnaðinum Boot Camp,



**FARTÖLVA FRÁ APPLE** Kona virðir fyrir sér MacBook Pro fartölву með Intel Core Duo-örgjörva á Macworld-sýningunni í janúar á þessu ári.

sem gerir notendum Apple-tölva kleift að keyra Windows-stýrikerfið á tölvum sínum.

Intel Core Duo-örgjörvinn er fimm sinnum hraðvirkari en örgjörvar í eldri tölvum og fjórum sinnum hraðvirkari en örgjörvar í PowerBook-tölvum, að sögn Apple. - jab


## Vírusbanar kúga tölvunotendur

Sérfræðingar hjá vírusbanafyrirtækinu Trend Micro tóku á dögumum eftir nokkuð merkilegri nýjung hjá höfundum vírusa. Svo virðist sem þrjótar sendi vírusa í tölvur fólks ásamt bréfi sem í segir að þeir séu tilbúnir til að hreinsa tölvurnar af óværunni gegn gjaldi.

Í dæmigerðu bréfi sem fylgir óværu af þessari gerð er tölvueigandanum sér-bent að ekkert þýði að hrингja

á lögreglu eða grípa til annarra aðgerða. Í enda bréfsins er tónninn öllu mýkri. Bent er á að ekki sé gerð krafa um beinar greiðslur heldur sé pess óskað að viðkomandi kaupi einungis vörur hjá ákveðnum aðilum. Geri þeir það ekki verði óværan ræst og muni hún valda skaða.

Er engu líkara en þrjótar taki tölvurnar í gíslingu enda er um fjárkúgun að ræða, að sögn sérfræðinganna hjá Trend Micro.



**VÍRUSSKILABOD**  
Höfundar vírusa eru farnir að senda tölvunotendum vírusa og kúga fé út úr þeim.

## Örgjörvasvik í Kína

Stjórnvöld í Kína urðu fyrir áfalli á dögumum sem getur höggvið skarð í hátæknivæðingu landsins.

Jón Áðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Fyrir rúnum þremur árum kynnti Chen Jin, yfirmaður Jiaotong-háskóla í örrafeindrafraðum í Kína, nýjan örgjörva, Hanxin I, sem fyrirtæki hans, Hanxin Sci-Tec, hafið bróað. Þetta þótti stórt skref og marka upphaf að uppyggingu þekkingariðnaðarins í Kína. Jin og rannsóknarteymi hans fékk fjölda rannsóknarstyrkja frá ríkinu og hefur breska viðskiptatímaritinu Financial Times reiknast til að þeir hafi numið að jafnvirði einum milljarði íslenskra króna.

Um miðjan þennan mánuð tilkynnti stjórn skólaans hins vegar að um brögð hafi verið í tafl. Svo virðist sem Jin hafi flutt örgjörvann sjálfur inn og kynnt hann sem sína uppfinningu. Við nánari athugun kom sömuleiðis í ljós að örgjörvinn var afar slakur og gat ekki ráðið við einföldustu hluti eins og að spila tónlist á mp3-formi.

Chen Jin hefur nú verið rekinn úr starfi. Bírist er við að hann þurfi að greiða til baka eitthvað af þeim styrkjum sem teymi hann fékk til þróunarstarfsins auk þess sem hann á yfir höfði



**KYNNING Á ÖRGJÖRVANUM** Chen Jin þegar hann kynnti örgjörvann í febrúar árið 2003. MYND/AP

sér ákæru vegna svika. Málið þykir áfall fyrir kínversk stjórnvöld, sem hafa aukið fjárfestinger í kínverskum þekkingariðnaði með það fyrir augum að blásu lífi í hátækniframleidslu þar í landi til að minnka innflutning á erlendum hátæknivörum.

## Snjórinn að hverfa

Hætta er talin á að snjóbreiðan í Rwenzori-fjöllum í Austur-Afríku við landamæri Kongó og Úganda hverfi á næstu tveimur áratugum vegna loftslagsbreytinga. Þetta eru fyrstu niðurstöður af áratugalöngum rannsóknum á fjöllunum, sem kölluð eru Tunglfjöllin.

Sérfræðingar frá Bretlandi

og Úganda, sem rannsakað hafa snjóinn segja hann afar viðkvæman fyrir hitabreytingum og beri hann þess greinileg merki að hitastig hafi hækkað á jördinni á síðastliðnum fjöllum áratugum.

Rwenzori-fjöll eru ein þekktustu fjöll Afríku í sögulegu tiliti en vatn rennur úr þeim í Nílarfljót og getur gríski stjörnu-



**AFRÍKUÍSINN** Visindamenn telja hættu á að snjór sem sé í hinum sögulegu Rwenzori-fjöllum hverfi á næstu 20 árum. MYND/AFP

fræðingurinn Ptólemaíos þeirra í einu rita sinna árið 2 e. Kr. - jab

## Mobile Office

FRÁ OG VODAFONE

## Sveigjanleiki kemur með æfingunni og BlackBerry

Ég veit ekkert betra en að slaka á frá vinnunni í golfi. Þá er ómetanlegt að hafa BlackBerry og geta afgreitt hlutina á meðan ég æfi sveifluna.

**BlackBerry** er farsimi sem gefur þér margfalda möguleika. Allt í einu tæki sem auðvelt er að nota:

- » Tölvupóstur í símann
- » Dagbókin
- » Sampættur tengiliðalisti
- » GSM sími
- » Vefurinn
- » Viðhengi



26.900 kr.

32.900 kr.

**BlackBerry** er hluti af **Mobile Office**, heildstæðu þjónustuframboði **Og Vodafone** fyrir viðskiptalifið sem gerir fólk á ferðinni kleift að síma starfi sínu óháð staðsetningu. Hraði, öruggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.

Nánari upplýsingar veitir **fyrirtækjapjónusta** Siðumúla 28 í síma 599 9500, starfsfólk verslana **Og Vodafone** og 1414.



Heyrumst!

# Vordagar ÁLFELGUR OG DEKK!

**Samsettur gangur  
á dúndurverði  
99.900 kr. (154.290 kr.)**

*15x10 Dick Cepek-álfelgur  
og Chaparral 33" dekk*

**ÁLFELGUR  
margar stærðir**

**Dick Cepek-álfelgur  
á tilboði frá 13.700 kr.**



**Samsettir dekkja- og felgugangar á flestar gerðir japanskra  
jeppa og pallbíla með **15% afslætti** á vordögunum!**



**BÁTASPIL**

**DW 3000i  
12V**

Kerruspil fyrir vélsleða- og bátæigendur  
(3000 lbs) **39.900 kr.**

**SPORTJAKKI  
með og án hlífa**



Cordura-slitvarnarefni, Reissa  
5000 mm vatnsvarnar- og  
öndunarefni. Hentugur jakki  
fyrir sleða- og mótorhjólamenn  
**8.980 kr.**

**Margar  
gerðir**



Hanskar fyrir útvistar- og  
mótorhjólafolk, margar gerðir.  
Verð frá **1.990 kr.**

**NÝTT  
langt álbox**



Allar gerðir af álboxum fyrir  
ferðalagið með **20% afslætti**.

06-0016 KC

**ARCTIC  
TRUCKS®**



**STEEN THOMSEN FLYTUR ERINDI SITT**  
Hugmyndir um góða stjórnarhætti geta komið að góðum notum við nánast alla þætti reksturs, til að mynda þegar kemur að því að velja fólk til stjórnarsetu. „Er valið af því það er hæfast til starfans, eða nýtur það góðs af tengslum sínum við einhvern innanbúðarmann?“ spyr Thomsen.

# Lagasetning er engin töfralausn

**Steen Thomsen**, prófessor í stjórnunarfræðum við Viðskiptaháskólan í Kaupmannahöfn, hélt á dögum fyrirlestur við Háskólan í Reykjavík um stjórnarhætti fyrirtækja (corporate governance). Hann telur eigendur og stjórnendur, ekki síður en löggjafann, hafa hlutverki að gegna við þróun góðra stjórnarháttu. Jón Skaptason hitti Thomsen og spjallaði við hann um hugtakið, raunveruleikann og hlutverk fræðanna.

Steen Thomsen segir erfitt að skilgreina góða stjórnarhætti. „Ég hef rannsakað og lesið mér til um stjórnarhætti frá árinu 1992. Það mætti í raun segja að líf mitt snuist í kringum hugtakið. Ég hef velt því fyrir mér frá öllum hliðum; aðkomu eigenda, stjórnar og hluthafa.“

Thomsen segir skilgreininguna fara eftir því hver verður fyrir svörum. Endurskoðandi myndi segja stjórnarhætti snuast um lítið annað en bókhald og skattframtíð. Lögfræðingur myndi hamra á lagagreinum og reglugerðum. Almenningar myndi tala um félagslega ábyrgð fyrirtækja og fjárfestar um ábyrgð stjórnenda gagnvart hluthöfum. „Þetta er fullkomlega eðlilegt. Það eru margir sem koma að fyrirtækjum og hafa þar hagsmuna að gæta. Sem fræðimaður verð ég að þússla þessu saman og reyna að skilgreina góða stjórnarhætti á eins hlutlausum hátt og mögulegt er.“

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI MED SPROTA

Thomsen telur grunninn að góðum stjórnarháttum byggjast á því að réttir menn veljist í stjórnunarstöður og að þeim sé veitt virkt aðhald. Ef stjórnendur standa sig ekki í stykinu, sofna í vinnunni eða hugsa meira um eigin hag en fyrirtækisins, verða þeir að gjalda fyrir það. Þeim þurfi jafnframt að setja skýr markmið. „Pessu má líkja við sinfóniuhljómsveit. Hljómsveitarstjóriinn stýrir sveitinni og engum dettur í hug að taka af honum sprotann. Stjórn hljómsveitarinnar getur hins vegar beðið hljómsveitarstjórnann um að spila meira eftir Tchaikovsky eða Mozart og ef hljómleikahöllin er alltaf tóm, getur stjórnin rekið hljómsveitarstjórnann og fengið nýjan.“

Thomsen telur erfiðasta hjalla stjórnunarfræðanna að skilgreina hlutverk eigenda, stjórnar og þess sem situr í forstjórstólinum sjálfum. „Þótt fyrirtæki sé hundrað prósent í þinni eigu þýðir það ekki að þú getir farið með eignir þess sem þínar eigin. Þarna verða að vera skýr skil á milli. Sama gildir um samskipti stjórnar og stjórnenda. Stjórnir fyrirtækja eiga ekki að skipta sér af daglegum rekstri. Stjórnir eiga ekki að taka ákvárdanir er lúta að rekstrinum, heldur

eiga þær að fylgjast með og veita stjórnendum aðhald.“

## EINKAFYRIRTAEKI EÐA ALMENNINGSHLUTAFÉLAG?

Thomsen telur jafnframt að gera verði skýran greinarmun á stjórnarháttum í almenningsshlutafélögum og fyrirtækjum í einkaeigu. Munurinn sé bæði skýr og augljós; í einkafyrtækjum fari fólk með eigið fé en í almenningsshlutafélögum annarra. „Stjórnendur verða að bera ábyrgð gagnvart hluthöfum. Í einkafyrtækjum er eigandinn yfirleitt með fingurna í daglegum rekstri, situr jafnvel sjálfur í forstjórstólinum. Þessu er örðuvísi farið í almenningsshlutafélögum. Hluthafar geta verið dreifðir hér og þar um veröldina. Af þeim sökum er brýnni þörf að miðla upplýsingum til hluthafa og veita stjórnendum aðhald.“

Thomsen telur marga misskilja hugmyndina um góða stjórnarhætti. Góðir stjórnarhættir felist ekki einungis í því að fylgja lögum og reglum út í ystu æesar, þótt slíkt sé vissulega mikilvægt. „Ég held því miður að allt of fáir líti á góða stjórnarhætti sem markmið í sjálfu sér, frekar sem einhvers konar skyldu sem verður að uppfylla. Ef ég ætti að gefa evrópskum fyrirtækjum einkunn á skalanum einn til tíu fengju þau um það bil tvö komma náll.“

## SLÆMT FORDÆMI STÓRLAXA

Hugmyndir um góða stjórnarhætti geta að mati Thomsen komið að góðum notum við nánast alla þætti reksturs, til að mynda þegar kemur að því að velja fólk til stjórnarsetu. „Er fólk valið af því það er hæfast til starfans, eða nýtur það góðs af tengslum sínum við einhvern innanbúðarmann?“

Thomsen segir stórlaxa í viðskiptalífinu ekki alltaf setja gott fordeomi. „Warren Buffett er snillingur, líklega frægasti fjárfestir í veröldinni, og næstríkasti maður í heimi samkvæmt lista Forbes. Hann tilkynnti nýlega að sonur hans tæki við honum sem stjórnarformaður Berkshire Hathaway. Ég

er kannski ekki í neinni aðstöðu til að dæma gerðir manns sem nýtur slíkrar virðingar, en þetta geta varla talist góðir stjórnarhættir.“

Lagasetning og önnur aðkoma ríkisvaldsins er þó engin galdralausn samkvæmt Thomsen. Einungis eigi að festa tilteknar lágmarksþrófur í lög. „Auðvitað verður að vera lagaskylda til endurskoðunar og annars slíks. En það á ekki að vera þannig að einungis lögfræðingar geti setið í stjórn eða rekið fyrirtæki. Löggjöf getur aldrei svarað spurningum á þorð við hver sé besti eigandinn eða hvernig eigi að reka fyrirtæki. Það væri til að mynda ekki gáfulegt að semja lagabálk þess efnis að synir gætu ekki tekið við stjórnarformennsku af feðrum sínum.“


## VANDRATAÐUR MEÐALVEGUR

Thomsen telur meðalveginn vandrataðan milli lagasetningar og frelsis til athafna. Dæmin sýni að af mikil regluverk kringum almenningsshlutafélög fái eigendur til að hugsa sig um tvísvar áður en bréf eru sett á markað, og hafi jafnvel ýtt undir aukinn fjöldi afskráninga af hlutabréfamörkuðum viðs vegar um veröldina.

Árin 2002 og 2003 hafi til að mynda verið margfalt fleiri afskráningar en nýskráningar á evrópskum hlutabréfamörkuðum. Auðveld sé að draga þá ályktun að þar hafi hið þéttófna reglunet Evrópusamandsins haft mikil að segja. „Stjórnendur og eigendur fyrirtækja hafa væntanlega talið ávinninginn minni en kostnaðinn. Af hverju ættu þeir að skrá fyrirtæki sín ef meiri tími fer í að velta fyrir sér lagalegum afleiðingum ákvörðunar en því hvort hún sé í þágu hagsmuna fyrirtækis?“

Thomsen telur að akademíkerar og aðrir áhugamenn um fræðin hafi hlutverki að gegna ekki síður en lagasetningarvaldið. Rökræðan sé lykillinn að bættri stjórnunarmenningu „Háskólar hafa miklu hlutverki að gegna. Það kann að vera að einhverjar kenningar séu of fræðilegar eða ekki praktískar. Þær eru hins vegar jafn þarf innlegg í umræðuna fyrir það. Ef markaðurinn og fræðin tala saman er aldrei að vita nema við komumst að niðurstöðu á endanum. Ég trúi í það minnsta að það sé mögulegt.“

**Þessu má líkja við sinfóniuhljómsveit. Hljómsveitarstjóriinn stýrir sveitinni og engum dettur í hug að taka af honum sprotann. Stjórn hljómsveitarinnar getur hins vegar beðið hljómsveitarstjórnann um að spila meira eftir Tchaikovsky eða Mozart og ef hljómleikahöllin er alltaf tóm, getur stjórnin rekið hljómsveitarstjórnann og fengið nýjan.**



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

**ÓKEYPIS**  
REYNSLUTÍMI  
á [www.mentis.is](http://www.mentis.is)

**Microsoft**  
CERTIFIED  
Partner

Sigtuni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

**omentis**  
HUGBÚNAÐUR

16,2%  
ávöxtun

Tilboð til 1. júlí 2006 – 100% afsláttur af kaupþóknun

Markmið Fyrirtækjasjóðsins er að skila langtímahækkun eigna með fjárfestingum í meðallöngum verðtryggðum skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum. Fyrirtækjasjóðurinn skilaði 16,2% nafn-ávöxtun á ársgrundvelli frá 3. apríl–2. maí 2006. Sjóðurinn hentar vel þeim sem vilja fá jafna ávöxtun og frekar litlar sveiflur í ávöxtun. Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma **575 4400** eða kíktu á vefsíðuna okkar [www.vsp.is](http://www.vsp.is).

Fyrirtækjasjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Sparisjóðanna hf. Verðbréfajónusta Sparisjóðanna hf. er vörlusaðili sjóðsins. Fyrirtækjasjóðurinn er fjárfestingarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er m.a. fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta leitt til minni áhættudréifingar en í verðbréfasjóði. Frekari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsing og útdrætti útboðslýsingar sem hægt er að nálgast á vefsíðunni [www.vsp.is](http://www.vsp.is).



# Tuttugasta Listahát

Þegar Listahátíð í Reykjavík lýkur þann 2. júní munu sex hörvað skynfæri þúsunda Íslendinga undanfarnar vikur. Hó Listahátíðar sem, að sögn listræns stjórnanda hátiðarinnar, einkennist a

Listahátíð í Reykjavík hefur um langa hríð verið fastur punktur í lífi borgarbúa. Nú stendur sem hæst tuttugusta hátiðin frá stofnun hennar árið 1970 og hafa listunnendur ekki haft undan að sækja listsýningar, danssýningar og tónleika sem eru meðal þeirra fimmtíu listvöldurða sem

hátt í sex hundruð listamenn bera á borð í ár. Hafi einhverjir í gleymt sér – eða ekki fengið nóg – er enn af nögu að taka því hátiðinni lýkur ekki fyrr en 2. júní.

Tvö síðustu ár, eða frá því að ákveðið var að Listahátíð yrði framvegis árviss við burður, hefur athyglini sérstaklega verið beint að einni listgrein í einu, þótt öðrum sé jafnframt gert hátt undir höfði. Í ár ræður tónlistin ríkjum og hefur sjónum hátið-

arinnar að miklum hluta til verið beint að Sinfóníuhljómsveit Íslands, Þjóðleikhúsini, Borgarleikhúsini og öðrum þeim menningarstofnum sem hafa verið kjölfestan í Listahátíð frá því hún hóf göngu sína.

**ALLTAF Á HÖTTUNUM EFTIR LISTAMÖNNUM**  
Margir vildu eflaust vera í sporum Pórunnar Sigurðardóttur sem er listrænn stjórnandi hátiðarinnar og sér um að móta dagskrá hvírarr hátiðar. Það er þó ekki hægur vandi að velja þá hópa sem fram koma á Listahátíð enda margir að gera merkilega hluti um víða veröld sem helst mega ekki fara framhjá Pórunni. Hún er á höttunum eftir spennandi listamönum allt árið og segir starf sitt miklu meira en hundrað prósent. „Þegar ég er búin að miða eitthvað áhugavert út með því að skoða vídeó, tala við fólk, skoða heimasiður, myndir, efni og gagnrýni, þá fer ég og sé það til að sjá hvort það passi Listahátíð. Ég sé helst alla erlenda hópa sem koma því þótt vinnan fari mikö til fram á netinu snýst þetta alltaf um persónuleg samskipti.“

**MARGFELDISÁHRIF AF HVERJUM GESTI**  
Kostnaðurinn við Listahátíð er í kringum 120 til 130 milljónir og kemur fóð að einum fjórða hluta, nokkurn veginn jafnt, frá styrktar- aðilum, miðasölu, ríki og borg. Þessar tölur segja þó aðeins hálfa söguna því margir viðburðir á hátiðinni fara ekki í gegnum bækur Listahátíðar. Þær menningarstofnanir ríkis og borgar sem sitja í fulltrúaráði Listahátíðar og taku þátt í hátiðinni halda sjálfar utan um sitt framlag. Því segir Pórunn að það láti nærrí að verðmæti hátiðarinnar sé um 250 milljónir ef á það ætti að leggja mat. Listahátíð hefur breyst og þróast með árun-

um. Fyrst og fremst er hún mun umfangsmeyri núna og með breyttu sniði. Áður fyrr var hátiðin eins og regnlíf og stofnanir lögðu henni til verkefni sem ekki var lagt fjármagn í. Núna leggur Listahátíðin fjármagn eða mikla og dýra þjónustu í öll verkefni. Par

að auki hefur hátiðin líka færst út á land og unnið er markvisst með skólum og ferðajónustu og talsvert er lagt í erlenda kynningu og aðstoð við erlenda fjöldiðla. „Velta hátiðarinnar er í fjölmörgum lögum og því erfitt að meta kostnað og tekjur af henni. Til að mynda stendur Listahátíðin undir grunnútgjöldum þeirra fjölmörgu erlenda listamanna sem koma hingað til lands en sjálffir standa þeir iðulega undir mestum hluta kostnaðarins við dvöl sina hér með styrkjum frá heimalandinu. Því eru margfeldisáhrifin af hverjum og einum þeirra gríðarleg. Allt það fé sem við fáum frá ríki og borg kemur til baka í kynningu á Íslandi erlendis og með ýmsum útgjöldum erlendra ferðamanna og listamanna hér á landi, það get ég fullyrt.“ Máli sínu til stuðnings nefnir Pórunn að bara um síðustu helgi voru um fjögur þúsund manns á tónleikum Listahátíðar og að um sextíu blaðamenn frá völdum fjölmöldum um allan heim sækja viðburði hátiðarinnar.

## SAGAN SPANNAR 36 ÁR

Listahátíð í Reykjavík fór fyrst fram sem fyrr segir árið 1970. Heiðurinn af því átti hinn heimsþekkti píanisti Vladimir Ashkenazy sem hafði flúið Sovétríkin og fengið íslensk-an ríkisborgararétt. Á þessum tíma var mjög lítið um innflutning á erlendum listamönnum hingað til lands. Til að endurgjaldja vinargreiða Íslendinga aðstoðaði hann Listahátíð með því að fá marga heimsþekkta listamenn



## EINKAVÆÐING BANKANNA RUDDI BRAUTINA

Pór Sigfússon segir íslensk fyrirtæki  
starfa án landamæra [SJÁ BL. 6](#)



## ÍSLENDINGAR Í ÚTRÁS

Keyptu fyrir 536 milljarða.  
[SJÁ BL. 6](#)

[ SÉRBLAÐ UM ÚTRÁS ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA – MIÐVIKUDAGUR 24. MAÍ 2006 ]

# íslensk útrás



Mynd/Eye Online



### Málið er í höfn

Samskip sjá til þess að sendingin þín skili  
sér alla leið - hvert sem er um allan heim.

**Samskip - Yfir lönd yfir höf.**

**SAMSKIP**

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • [samskip.is](#)

# Keyptu fyrir 536 milljarða

KB banki og Actavis stórtækustu útrásarfyrirtækin.

Íslendingar keyptu erlend fyrirtæki fyrir tæpa 536 milljarða íslenskra króna árin 2004 til 2005. Stærstu einstöku viðskiptin voru kaup KB banka á breska fyrirtækjabanum FIH fyrir attíti og fjóra milljarða króna.

Næst komu kaup Bakkavarar á breska matvælfyrirtækinu Geest fyrir sjötíu milljarða. Þá keyptu KB bankamenn Singer og Friedlander banka fyrir sexti og fimm milljarða króna.

Athygli skal þó vakin á því að gangi kaup Actavis á króatíska samheita-lyfjafyrirtækinu Pliva verður metið slegið allhressilega, en hundrað tuttugu og fimm milljarða verðmiði er settur á Pliva.

Íslensku bankarnir hafa verið í fararbroddi íslensku útrásarinnar. KB banki hefur verið þeirra duglegastur að stækka við sig og keypti erlend fyrir-

þrjú fjármálfyrirtæki er að finna meðal efstu tíu og þrjú matvælfyrirtæki. Actavis hefur fest kaup á tveimur lyfjafyrirtækjum fyrir samtals 88 milljarða króna. Þá hafa Baugsmenn keypt skartgripasmiðinn Goldsmith og tiskuveldi Mosaic Fashions.

Greinilegt er að straumurinn liggar til Bretlands, en fimm af tíu stærstu fyrirtækjum sem keypt hafa verið hafa höfuðstöðvar þar.

## Fyrirtækjakaup Íslendinga erlendis frá árinu 2004

NAFN FYRIRTÆKIS	KAUPANDI	KAUPVERÐ	ÁR
FIH (BRE)	KB banki	84	2004
Geest (BRE)	Bakkavör	70	2005
Singer og Friedlander (BRE)	KB banki	65	2005
Alpharma (NOR)	Actavis	50	2005
Big Food Group (BRE)	Baugur	40	2005
Amide (BNA)	Actavis	33	2005
BN Bank (NOR)	Glitnir	33	2005
Mosaic (BRE)	Baugur	30	2005
Labeyrie (FRA)	Alfescia	29	2004
Goldsmiths (BRE)	Baugur	14	2004

\*HEIMILD: VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS, HALLDÓR BENJAMÍN ÞORBERGSSON

\*\*ALLAR TÓLUR I MILLJÓRUM KRÓNA



Höfuðstöðvar KB banka í Reykjavík. KB banki hefur verið í fararbroddi íslensku útrásarinnar og keypti erlend fyrirtæki fyrir 149 milljarða króna árin 2004 til 2005. Actavis sækir þó hart að KB banka og mun híða toppsætið gangi kaup Actavis á króatíska lyfjafyrirtækinu Pliva eftir.

## Samkeppnis- hæfust í Evrópu

Ísland er fjórða samkeppnishæfesta hagkerfi heims samkvæmt alþjóðlegri könnun IMD-viðskiptaháskólans í Sviss. Ísland er samkeppnis-hæfesta land Evrópu.

Könnun IMD tekur til sexti landa og kemur út árlega. Bandaríkin eru í fyrsta sæti listans, Hong Kong í öðru sæti og Singapur í því þriðja. Frændur okkar Danir eru í fimmsta sæti, en lentu í sjóunda árið 2004.

Ísland vermir jafnframt fjórða sætið þegar litið er til skilvirkni hins opinbera-

### Samkeppnishæfustu hagkerfi heims

Samkvæmt lista IMD viðskiptaháskólans í Sviss

	2004	2005
Bandaríkin	1.	1.
Hong Kong	2.	2.
Singapur	3.	3.
Ísland	4.	4.
Danmörk	7.	5.



## Koma fram af hógværð

Íslenska tölvuleikjafyrirtæki CCP opnaði nýlega skrifstofu í Peking, höfuðborg Kína. Stefnan er tekin á að koma Kínverjum upp á lagið með að spila tölvuleikinn EveOnline.

Hilmar V. Pétursson, forstjóri CCP, segir enga tilviljun að Kína hafi orðið fyrir valinu. „Það er gríðarlegur áhugi fyrir tölvuleikjum í Asíu. Sem dæmi má nefna að markaður fyrir fjölbáttökuleiki í Kóreu einni og sér er stærri en í öllum hinum vestræna heimi samanlagt. Þar eru það ekki íþróttastjórnur eða rokhetjur sem njóta mestrar kvenhylli, heldur þeir sem er bestir í vinsælasta tölvuleiknum.“

Hilmar segist hafa eigin skýringu á vinsældum tölvuleikja í Asíu. „Asiubúar hafa um aldaraðir haft mikinn áhuga á spilum. Tölvuleikirnir virðast falla inn á þetta áhugasvið. Þegar mönnun tekst svo að búa til áskriftarmódel kringum leikina þá getur þetta undið svakalega upp á sig.“

Brátt hefjast opnar prófanir á EveOnline í Kína þar sem áhugasönum verður leyft að spila ókeypis í einn mánuð. Áætlað er að um átta hundruð þúsund manns muni þekkast boðið og að allt að þriðjungur þeirra muni að lokum kaupa sér áskrift.

CCP-liðar gera þó ráð fyrir að hlutfallið verði aðeins lægra í tilfelli EveOnline. „Þeir leikir sem hingað til hafa ratað á Kínamarkað hafa verið tiltölulega einfaldir. Yfirleitt gamli kóreanskir leikir. Þetta er í fyrsta skipti sem fjölbáttökuleikur á borð við Eve kemur á markaðinn. Við ætlum okkur að reyna að ná til þeirra sem ekki hafa fundið sér tölvuleiki við hæfi hingað til.“

Strandhögg CCP í Kína hefur greinilega vakið athygli því kínverska menntamálaráðuneytið hafa farið þess á leit að fá heimild til að nota leikinn við kennslu í skólam landsins. Hilmar segir kínverska menntamálaráðuneytið hafa gert sér grein fyrir að Kínverjar hafa gaman að tölvuleikjum og leiti leiða til að notfæra sér það.

Hann er ekki í nokkrum vafa um að EveOnline sé gott kennsluteki. Markaðsgerfi leiksins sé byggt á raunverulegum mörkuðum, einkum hinum bandarískra NASDAQ. Þar gildi á margan hátt sömu reglur og lögmal, til að mynda um framboð og eftirsíðurnar. „Tölvuleikir eru alltaf



Hilmar V. Pétursson forstjóri CCP segir marga hafa brennt sig á því að ætla að sigra Asíu í einu vettangi. „Kínverjar hafa verið síðmenntaðir í fjögur þúsund ár, miklu lengur en við og ættu að vita sínu viti.“

á vissan hátt endursköpun á raunverulegum aðstæðum. Eve fjallar mikil um að reka fyrirtæki á hagkvæman hátt, og góður Eve-spilari þarf að hafa sömu eiginleika og góður stjórnandi. Menntamálaráðuneytið hefur séð að þessa eiginleika þurfi Kínverjar að tileinka sér enn frekar.“

Hilmar segir viðskiptahætti Kínverja og Íslendinga likari en margur kann að halda. „Vissulega er margt öðruvísi, en það kemur samt alltaf á óvart hversu margt er eins. Viðskipti ganga jú allstæðar út á folk.“

Helst er það viðhorf til samninga sem er ólikt eftir menningardeildum. „Í Kína vegur persónulegt

samband mikil. Það sem þú segir er jafnvél meira virði en það sem þú skrifar. Þessu er öðruvísi farið í hinum vestræna heimi, þar er samkomulag einskis virði nema það sé fest á blað.“

Hilmar telur mikilvægast að koma fram af hógværð. Margir hafi brennt sig á því að fara of geyst og ætla að sigra Asíu í einu vettangi. „Kínverjar hafa verið síðmenntaðir í fjögur þúsund ár, miklu lengur en við og ættu að vita sínu viti.“

**FRÉTTABLAÐIÐ**

**AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**

## Áskorun til ríkisstjórnarinnar

010100101010

0101010ATGC10101010ATGC

1010ATG

01010A

10ATG

01010101010ATGC1010

01010ATGC10ATGC0

0101010ATGC

010ATGC1010

ATGC01010A

# Framtíðin er í okkar höndum

Þann 16. janúar 2006 efndu Samtök iðnaðarins, Samtök íslenskra liftæknifyrtækja, Samtök sprotafyrirtækja og Samtök upplýsingatækifirirtækja til fundar um málefni hátækniiðnaðar á Íslandi.

Fundinn sóttu um 400 manns og var hann sá fjölsóttasti sem SI hafa staðið fyrir. Á fundinum var lögð fram eftifarandi áskorun til ríkisstjórnarinnar sem fundarmenn samþykktu einróma.

### Tækifærin felast í hátækninni

Margt hefur áunnist í almennum starfsskilyrðum á undanförnum árum og atvinnulíf Íslendinga er mun fjölbreyttara en áður var. Þar vegur þungt ör vöxtur hátækni undanfarinn áratug. Sú þróun er mikilvægur þáttur í endursköpun íslensks atvinnulífs á tímum hnattvæðingar og aukinnar samkeppni.

Þjóðir heims keppast um að nýta sem best þá nýju möguleika sem nú blasa við. Hnattvæðingin felur í sér tækifæri til að efla hagvöxt og velsæld í framtíðinni. Sé hins vegar ekki rétt á spilunum haldið er að sama skapi aukin hætta á að við glötum fjármagni, framleiðslu og fólki til annarra landa. Besta leiðin til þess að nýta tækifærin er að efla menntun, rannsóknna- og þróunarstarf og greiða fyrir vexti hátækniiðnaðar sem skapar verðmæt störf og útflutningsverðmæti.

Um þessar mundir eru blikur á lofti sem gera hátæknifyrtækjum erfitt fyrir. Við þeim verður að bregðast. Stjórn Samtaka iðnaðarins skorar á ríkisstjórn Íslands að beita sér markvisst fyrir uppbyggingu hátækniiðnaðar á Íslandi og hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem Samtökin hafa sett fram.




Nánari upplýsingar um stefnu SI og tillögur er að finna í heild sinni á [www.si.is](http://www.si.is)




Samtök iðnaðarins

Samtök íslenskra liftæknifyrtækja - Samtök sprotafyrirtækja - Samtök upplýsingatækifirirtækja



Benedikt, 31 árs  
... byrjaði hjá Alcan fyrir 5 árum



Katrín, 23 ára  
... í starfsmannahópi  
Alcan í 3 ár

# Svona erum við!



Guðni, 53 ára  
... starfsmaður Alcan í 25 ár



Kristjana, 55 ára  
... hóf störf hjá Alcan fyrir 9 árum

Hlutverk okkar er að framleiða hágæða ál með hámarksarðsemi í samræmi við óskir viðskiptavina og með þeim hætti að umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál séu höfð í fyrirrúmi.

Gildi okkar eru heiðarleiki, ábyrgð, traust og samvinna.

Lykillinn að árangri er hæft, áhugasamt og jákvætt starfsfólk sem skapar öruggan og eftirsóknarverðan vinnustað. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, endurgjöf á frammistöðu og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.



– Hugvit, tæknipekking og samfélagsleg ábyrgð í 40 ár



KB banki keypti hinn breska Singer og Friedlander banka á 65 milljarða króna í fyrra. Hér handsala þeir Sigurður Einarsson, stjórnarformaður KB banka, og Tony Shearer, forstjóri Singer og Friedlander, kaupin.

## Leiðin liggur til Lundúna

Seint á síðasta ári kom út skýrslan „Útrás íslenskra fyrirtækja til Lundúna“. Skýrslan var gefin út af Viðskiptaráði Íslands í samvinnu við Bresk-íslenska viðskiptaráðið. Sigrún Davíðsdóttir tók efnið að mestu saman en Þór Sigfusson, númerandi forstjóri Sjóvár, og Halldór Benjamin Þorbergsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands, ritstýrdu.

Tilgangur skýrslunnar var að skoða hvernig hafði tekist til með útrás íslenskra fyrirtækja til Bretlands, ávinninginn af henni og hver væru einkenner íslensks og bresks viðskiptalífs. Efni skýrslunnar er fengið með viðtölum við yfirmenn í útrásarfélögum Actavis, Bakkavör, Baugi, Íslandsbanka, KB banka og Landsbankans og breska aðila.

Þá var einnig ætlun höfunda að veita stjórnendum, sem eru að sækja inn á þennan markað, og öðrum, sem þangað kunna að sækja síðar, innsýn í reynslu íslensku frumkvöðlanna.

Grunninn að útrás íslenskra fyrirtækja er hægt að rekja til fjármálaþyrtaekjanna. Í samtölum við stjórnendur kemur fram að það sé mat manna að einkavæðing bankakerfisins á Íslandi hafi losað um miklar hömlur sem nýttust síðar til útrásar.

Þá hefur ekki síður einkennt útrásina að ungt fólk, sem kom með reynslu og menntun frá útlöndum, er í forsvari hennar.

Útrás Íslendinga til Bretlands hefur fyrst og fremst miðast við að sækja til Lundúna. Sóknin þangað byggist á þeim hugmyndum að borgin veiti tækifær til mikils vaxtar, sem alþjóðleg viðskiptamiðstöð, og opni þar með leiðir til annarra markaðssvæða. Það hefur einnig komið á daginn að íslenskir fjárfestar héldu ekki til Lundúna til að opna nýja starfsemi heldur til að fáa út þann rekstur sem fyrir var á Íslandi.

Breskir viðmælendur nefna að eitt meginneinkenni Íslendinga sé það að þeir eru fljótfærir og ópolinnmódir en eigi aftur á móti auðvelt með að taka skjótar og traustar ákvæðanir sem falli vel í kramið hjá Bretum, og leiti sifellt lausna við vandamálum í stað þess að gefast upp. Íslenskir stjórnendur segja að það hafi reynst vel að aðlagast aðstæðum með því að halda í formfesta, enska viðskiptahætti og blanda við það hinu hvatvísa íslenska vikingaeðli.

Viðskiptaráð áætlar að á fyrstu níu mánuðum síðasta árs hafi Íslendingar fjárfest fyrir 200 milljarða króna á Bretlandseyjum. Hlýtur það að vekja eftirtekt þegar haft er í huga að landsframleðslan er um 950 milljarðar. Munar þar einkum um fjárfestingar Bakkavarar í Geest og KB banka í Singer & Friedlander.

Íslenskir fjárfestar eru nær undantekningarlaust sáttir við þær fjárfestingar sem þeir hafa ráðist í á Bretlandseyjum en viðurkenna jafnframfæt að Róm verði ekki byggð á einum degi. Til þess að ná árangri í Bretlandi þurfi að setja sér langtíma markmið.

„Við vitum að við erum litlir, en við látum það ekki trufla okkur. Við erum hér af því að við höfum eitt-hvað fram að fáa og okkur dettur ekki í hug annað en að við höfum eitt-hvað fram að fáa sem hefur ekki verið reynt hér,“ sagði einn viðmælandinn í skýrslunni.



Pór Sigfusson, forstjóri Sjóvár, segir algera vendingu hafa orðið við einkavæðingu bankanna upp úr síðstu aldamótum. Við það hafi íslensk fyrirtæki öðlast mikilvæga bandamenn við landvinnings erlendis.

## Einkavæðing bankanna ruddi brautina

Þór Sigfusson, forstjóri Sjóvár og fyrrverandi framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, hefur fylgst grannt með íslensku útrásinni og skrifð meðal annars um hana bók, Straumhvörf, sem kom út í fyrra. Jón Skaftason ræddi við Þór og komst að því að reynslan er oft á tíðum besti kennarinn.

Þór segir útrásina hafa einskorðast við sjávarútveg og flugsamgöngur allt fram á tíunda áratuginn. Við lok síðstu aldar hafi síðan orðið alger vending „Einkavæðing bankanna var stærsti orsakavaldurinn. Þar komu nýr aðilar að rekstrum, sem voru reiðubúrin að fjárfesta í hugviti, bekkingu og áræði til þess að fara erlendis með hugmyndir.“

Aðstoð bankanna var þó ekki einungis fólgján í lánum, heldur voru þeir beinlínis reiðubúrin að leggja til hlutafé og alla þá aðstoð sem til þurfti. „Þá spretta fram margs konar, fjölbreytt fyrirtæki. Í dag erum við svo farin að sjá íslensk fyrirtæki standa sig vel á svíðum sem engan hafði órað fyrir að Íslendingar gætu orðið sértaklega góðir í.“

Þór segir að á þeim sex árum sem liðin eru frá eiginlegu upphafi útrásarinnar séa Íslendingar orðinir markaðsráðandi, í Evrópu og jafnvel heiminum öllum, á jafn ótrúlegum svíðum og stóðtekkjum, samheita-lyfjum og ýmsu öðru.

Útrásin hefur haft gríðarleg áhrif á íslensk fyrirtæki að mati Þórs. Starfsmenn íslenskra fyrirtækja starfi nú í alþjóðlegum teymum og kynnist fyrirtækjarekstri án landamára. „Íslensk fyrirtæki eru nú með um hundrað þúsund starfsmenn á sínum snærum erlendis. Það segir sig sjálf að það krefst allt annars konar starfsháttar og menningar.“

### Reynslan besti kennarinn

Ekki hefur þó allt sem Íslendingar á erlendum vettvangi hafa komið að orðið að gulli. Þór telur að reynslan sé besti kennarinn í þessum efnunum sem öðrum. Íslensk fyrirtæki hafi lært af mistökum sem gerð hafi verið og orðið sterktar fyrir vikið.

„Mörg fyrirtæki fóru á sínum tíma utan vegna þess að þeim vegnaði illa hér heima. Þau ætluðu að freista þess að rétta sig af og gera tilraunir. Síðan kom á daginn að þessi fyrirtæki höfðu hvorki þær stoðir n

þekkingu sem til þurfti og gekk því ekki sem skyldi.“

Þór segir íslensk fyrirtæki, mörg hver í sjávarútvegi, jafnframfæt hafa brennt sig á því að leita langt yfir skammt. Fyrirtæki hafi verið komin til Rússlands, Asíulanda og margra þróunarlanda, þar sem vissulega var þörf fyrir þekkingu þeirra og fjármagn, en annað skorti. „Þegar á reynði voru innviðir landanna ekki nægjanlega sterkir, fátt var af heiðarlegu viðskiptafólkii auk þess sem samband við birgja reyndist erfíðara en menn hafði órað fyrir. Margvisleg vandamál komu upp sem ekki tókst að leysa.“

Þá segir Þór fyrirtækin hafa skort metnað og vilja til að fylgja ætlunum sinum eftir. Starfsmenn erlendis hafi einangrast að nokkrum mánuðum liðnum og menn hafi að lokum misst máttin eða farið í önnur verkefni. „Menn ætluðu sér að fá mikið fyrir lítið, svo vitnað sé í gamla Miklagarðsslagorðið. Þeim bauðst að kaupa fyrirtæki fyrir mjög lítið fé, en síðan kom á daginn að þeim peningum hefði verið betur varið í margt annað. Fyrirtækin voru hreinlega illa rekin og áttu sér aldrei viðreisnar von.“

Þór telur íslensk fyrirtæki þó að lokum hafa gert sér grein fyrir því hvernig meta ætti góðan árangur. Mikilvægt væri að ná góðri markaðslutdeild erlendis, til þess þyrftu þau styrkar stoðir á heimamarkaði. Þá hafi tækifærin verið nær en marga grunaði.

Þær erlendu fjárfestingar sem fyrst báru ávoxt hafi margar hverjar verið tengdar fjármálastarfseminni og hafi notið aðstoðar og traust hinna íslensku fjármálaufyrirtækja. „Sýnin var skýr. Stjórnendur hér heima og starfsmenn erlendis tóluðu sama máli. Þá skipti mál að fyrirtæki fóru að líta á sig sem alþjóðleg. Ef keypt var fyrirtæki í Danmörku var það gefið út að þótt fjármagnið væri íslenskt yrði reksturinn danskur.“

### Nokia-áhrif á næsta leiti?

Þór telur þó að ferlinu sé ekki lokið og önnur vending, lík þeiri sem varð í kringum aldamótin 2000, kunni að vera framundan. Menn séu smám saman að gera sér grein fyrir að fjármagnsstreymið verði að vera í báðar áttir. Innrás sé ekki síður mikilvæg en útrás. „Forsætiráðherra talaði að dögumum um að nauðsynlegt væri að opna sjávarútveginn fyrir erlendum fjárfestingum. Útstremi fjármagns sem hlutfall landsframleiðslu er gríðarlega hátt hjá okkur, þrjátíu til fjörutíu prósent, en innstremið rétt undir fjórum prósentum. Það er ymislegt sem bendir til þess að innrásin geti ekki orðið síður gagnleg fyrir íslensk samfélög.“

Erlendir fjárfestar sækjast þó fáa eftir markaðshlutdeild hér á landi, heldur fremur þekkingu og áræði íslenskra stjórnenda. „Við eignum nú þegar tíu til fimmtíðan íslensk fyrirtæki sem eru komin með góða markaðshlutdeild á stórum svæðum erlendis. Þetta eru einkum þau fyrirtæki sem erlendir fjárfestar horfa til.“

Þór spáir því einnig að hér kunni svokallaða Nokia-áhrifa að verða vart í náinni framtíð. „Með Nokia-áhrifum vísa ég vitaskuld til Finnlands þar sem mörg smærri fyrirtæki sem byrjuðu sem einskonar þjónustuaðilar fyrir Nokia, hafa hreinlega orðið að stórum, sjálfsvæðum fyrirtækjum.“

Þór telur að með því að þjónusta stærri fyrirtæki á borð við Actavis eða Baug, öðlist smærri fyrirtækin dýrmæta reynslu sem síðar komi til með að nýtast þeim. „Ég á von að fyrirtæki, sem byrjuðu kannski sem litil ráðgjafar- eða þjónustufyrirtæki við þau staðri, fylgi þeim eftir og hasli sér sjálf völl að erlendri grundu. Þannig gætu myndast fyrirtækjuklasar hér heima á ákveðnum svíðum. Hvort sem það er á svíði samheimatalfjáa eða einhverju öðru.“



Tower Bridge í Lundúnum.



Song Shen, framkvæmdastjóri Kínaskrifstofu Industria, fyrir utan News Building í Shenzhen, þar sem hin nýja skrifstofa er til húsa.

## Industria til Kína

Kínaskrifstofa Industria verður sú fyrsta á vegum fyrirtækisins utan Evrópu.

Íslenska fyrirtækjóð Industria hefur opnað skrifstofu í Kína. Industria selur breiðbandslausnir til fjárfestinga- og fjarskiptafyrirtækja og er nú með starfsemi í sex löndum.

Starfsmenn Industria eru nú hundrað og tíu talsins. Framkvæmdastjóri Kínaskrifstofu Industria verður Song Shen. Skrifstofan verður sú fyrsta á vegum fyrirtækisins utan Evrópu.

„Kínaskrifstofan mun vinna

náið með öðrum félögum í samsteypnum. Eitt af helstu verkefnum Industria Kína verður að vinna með Zignal, stafraena sjónvarpslausn Industria, því á Kínamaðraði eru griðarlegir möguleikar að opnast með stafrænni sjónvarpsteckni.“

Industria hlaut á dögunum verðlaun frá viðskiptatímaritnu Red Herring, fyrir að vera eitt af hundræðum framsæknustu fyrirtækjum Evrópu.

## Gripu gæsina er hún gafst

Halldór Benjamín Þorbergsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands, segir ástæðuna fyrir því að íslenskir fjárfestar hafa einkum sótt til Bretlands og Norðurlanda einfaldari en margur kann að halda.

„Ef þú ferð á markað og þér vegnar vel, hvers vegna ættirðu ekki að halda áfram? Íslenskir fjárfestar hafa séð kauptækifærni á Norðurlöndunum og í Bretlandi og stokkíð á þau,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson.

Halldór segist hvorki sannfærður um að hlutfallsleg skipting fjárfestinga milli landa eigi að breytast eða að slíkt sé æskilegt. Engin rök-bundin nauðsyn sé á því að stefnu-breyting verði í þeim efnunum.

Hann telur þó að menningarlegir þættir kunni að hafa eitthvað að segja. „Pessi samfélög eru náttúrulega mjög opin fyrir erlendum fjárfestum. Lundúnir, og raunar New York líka, eru til að mynda samansafn innflytjenda að miklu leyti. Það skiptir engu máli hvaðan þú ert, bara hvað þú gerir.“

Halldór telur að griðarleg hugarfarbsbreyting hafi átt sér stað undanfarin ár. Menn hugsi ekki lengur um Ísland sem eina markaðinn, heldur horfi með opnum huga út fyrir landsteinana. „Skýringin liggur held ég í augum uppi. Ísland er náttúrulega ótrúlega lítt markaður. Þegar markaðurinn er orðinn mettur hér er í rauninni bara einn kostur í stöðunni: Útrás.“

Segja má að einkavæðing bankanna um síðustu aldamót hafi leyst áður óþekkt öfl úr læðingi á íslenskum fjármálamaðraði. Halldór segir tilgang bankakerfisins að veita fjármagni til hagkvæmustu fjárfestinga sem völ er á. Þegar betta afl hafi enn verið undir ríkis-dóða hafi hlutinir óhjákvæmilega



Halldór Benjamín Þorbergsson segir hagkerfið lítið og vafasamt að lesa of mikið út úr því að erlendar fjárfestingar verði hlutfallslega hærra en annars staðar.

ekki verið jafn skilvirkir og þeir eru í dag. „Það mætti kalla þetta tómatsósúáhrif. Maður kreistir og kreistir en ekkert gerist. Svo þegar stíflan loksins brestur er eins og flæðið ætli aldrei að stöðvast.“

Halldór telur þá umraðu sem undanfarið hefur átt sér stað um íslenska hagkerfið vera til þess fallna að styrkja stoðirnar. Gagnrýni hafi að miklu leyti verið röng og óréttmæt. Einblínt hafi verið á einn, afmarkaðan hlut, til að mynda viðskiptahallann, og ályktanir dregnar. „Það hefði mátt skoða hlutina í viðara samhengi og líta til dæmis til þess að eignir lífeyrissjóðanna nema hærra upphæð á mann hér en eignir norska olíujóðsins.“

Halldór segir einnig vafasamt að lesa of mikið úr þeiri staðreynd að erlendar fjárfestingar nái hærra hlutfalli landsframleiðslu en gerist og gengur í öðrum löndum. „Hagkerfið er lítið og því eðli málsins samkvæmt veikara fyrir sveiflum. Menn sjá það best sjálfir að ein stór kaup geta haft drastisk áhrif á hlutfallið. Svo er spurningin náttúrulega alltaf hvenær fyrirtæki er íslenskt og hvenær ekki. Sum þessara fyrirtækja fá áttati til hundrað prósent tekna sinna erlendis frá.“

# FJARNÁM ÖFLUGT OG ÓDÝRT


Nemandi sem tekur próf í því sem hann velur, fær kennslugjaldið endurgreitt að fullu.

Áfangar í boði eru í samræmi við námsskrá Mennamálaráðuneytis fyrir framhaldsskóla.

Nemendur geta m.a. tekið verslunarpróf í fjarnámi

90 áfangar í boði


Alþjóðafræði Bókfærsla Danska Eðlisfræði Efnafræði Ensku Félagsfræði Fjölmölafræði Franska Heimspeki Íslenska Jarðfræði Landafræði Listasaga Líffræði Lögfraði Markaðsfræði Menningarfræði Náttúrufræði Rekstrarhagfræði Rússneska Saga Sálfraði Spænska Stjórnun Stærðfræði Tölvunotkun Vérlitun Þjóðhagfræði Þýska



Skráning á heimasíðu skólans  
23. maí - 1. júní

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

# Virkur þátttakandi í alþjóðlegu fjármálalífi



Kaupþing banki er alþjóðlegur fyrirtækja- og fjárfestingabanki sem rekur öfluga starfsemi í níu löndum auk Íslands.  
Bankinn er í hópi 10 stærstu banka Norðurlanda. Af 2.500 starfsmönnum bankans starfa 1.400 erlendis.



**„ENGINN VILL FJÁRFESTA Á EYÐIEYJU“** Þórunn Sigurðardóttir, listrænn stjórnandi Listahátiðar, sem hér er umkringd samstarfskonum sínum, dregur ekki í efa að það sé allra hagur að hið opinbera og einkaaðilar leggi fé til menningarstarfsemi.



**GUÐJÓN ARN-  
GRÍMSSON,  
UPPLÝSINGA-  
FULLTRÚI  
ICELANDAIR**  
Segir Listahátið  
auðga menning-  
arlíf Reykjavíkur  
og auðveldi við  
að markaðsseta  
borgina sem  
alvöru menning-  
arborg.

## Stuðlar að fjölgun ferðamanna

Fjölmörg fyrirtæki styrkja Listahátið á einn eða annan hátt og standa styrkir undir einum fjórða hluta kostnaðar við hátiðina. Einn af dyggstu samstarfsaðilum Listahátiðar er Icelandair sem hefur stutt við hana síðastliðin 25 ár. Guðjón Arngrímsson, upplýsingastjóri Icelandair Group, segir Listahátið hjálpa félaginu í því miði að markaðsseta Reykjavík sem alvöru menningarborg enda auðgi hún verulega menningarlíf borgarinnar. Hátíðin sé jafnframt haldin á svokölluðu axlartímabili, ekki um hávetur og ekki um hásumar, en þá leggur flugfélagið áherslu á að fjölgun ferðamönnum og lengja þannig ferðamannatímann.

„Icelandair er sérstakt flugfélag að því leyti til að við búum við afskaplega lítinn heimamarkað og verðum því að byggja okkar sölu- og markaðsstarf verulega á því að fá fólk erlendis til Íslands. Þess vegna er okkur mikilvægt að sjá til þess að

hingað sé áhugavert að koma sem ferðamaður. Í þessu miði höfum við séð hag okkar í því að styðja við hátiðir á borð við Listahátið, og búið til okkar eigin hátiðir, eins og Iceland Airwaves og Food and Fun.“

Guðjón segir erfitt að henda reiður á hversu margir koma hingað til lands gagngert til að fara á Listahátið. Ferðamönnum yfir vetrarmánonum hafi hins vegar fjölgæð gríðarlega á undanförnum árum. Nú sé algengt að fólk komi hingað í nokkra daga með Reykjavík sem aðalviðkomustað en ekki eingöngu náttúrunnar vegna eins og áður var. Hátíðir á borð við Listahátið eigi þar ríkan þátt. Hann segir þá fjölmörgu blaðamenn koma hingað á hátiðina, sem svo upplifa borgina og landið og nýta sem fóður í sínar greinar, jafnframt stuðla mjög að landkynningu. „Óg svo hafa þessar hátiðir þann dásamlega eiginleika að nýast Íslendingum ekkert síður en útlendingunum.“

# Íðin í hæstu hæðum

Endruð listamenn hvaðanæva að úr heiminum hafa nfríður Helga Sigurðardóttir skoðaði glæsta sögu farsælu samstarfi hins opinbera og einkaaðila.

til að koma fram, sérstaklega framan af þegar um boðsmannaskipulagið var ekki eins ríkjandi og það er í dag og persónuleg sambönd skiptu öllu máli. I dag skipar Ashkenazy sæti heiðursforseta Listahátiðar og hefur enn íslenskan ríkisborgarárétt, þótt hann búi ekki hér.

Margir heimsþekktir listamenn hafa komið fram á Listahátið. Oft hefur hún líka laðað til sín listamenn áður en þeir urðu stórstjörnur. Pannig var til dæmis ekki húsþyllir þegar Pavarotti kom hingað til lands. „Pannig á það líka að vera,“ segir Þórunn. „Ef við fáum heimsþekkta listamenn hingað verða þeir að hafa eitthvað alveg sérstakt við sig. Þeir þurfa að hafa mjög sérstaka sögu og vera fulltrúar fyrir eitt-hvað miklu meira en bara að vera frægir og standa á svíði og syngja.“ Hún tekur dæmi um afrísku söngkonuna Miriam Makeba, sem var með stórtónleika í Laugardalshöll á laugar-daginn var, sem á sér einstaka sögu.

ÞAU HAFA KOMIÐ Á LISTAHÁTIÐ	
Bob Dylan	
Nina Simone	
Benny Goodman	
Stan Getz	
Ingmar Bergman	
Cesaria Evora	
Herbie Hancock	
Jacqueline du Pré	
John Cage	
Led Zeppelin	
Leonard Cohen	
Kronos kvartettinn	
San Francisco ballettinn	
Vladimir Ashkenazy	
David Bowie	
Luciano Pavarotti	

„Einkaaðili getur haldið hátið með erlendum listamönnum en við erum að borga með nánast öllum íslensku verkefnum.“ Hún dregur ekki í efa að ríki og borg eigi að leggja almannafé í hátið sem Listahátið. „Ef ríki og borg styðja ekki við menningarstarfsemi erum við ekki til lengur sem þjóð. Við getum ekki verið sjálfstæð þjóð ef við eignum ekki okkar eigin menningu, okkar eigin tungu og hlíum að okkar menningu,“ segir hún. „Viðskiptalega erum við líka búin að vera ef við ræktum ekki sköpunarkraftinn. Enginn vill fjárfesta í slíku landi. Þetta vita íslenskir viðskiptamenn, þeir vita að það skiptir öllu máli fyrir þá í fjárfestingum á alþjóðlegum vettvangi að hafa að baki sér sterka, sjálfstæða og stolta þjóð og menningarlíf sem stenst alþjóðlegan samanburð. Slíkur kjarni gerir okkur að þjóð sem er aðlaðandi að eiga viðskipti við. Ég hef ekki hitt stjórnanda nokkurs fyrirtækis sem er að gera það gott erlendis sem ekki skilur þetta.“ Hún telur einkaaðilana jafnframt hafa ákvæðar skyldur til að hjálpa til við að byggja upp sterkt og gott samfélag, enda séu í því fólgin viðskiptatækifæri líka og segir að lokum: „Það vill enginn fjárfesta á eyðieyju.“

sem ekki skilur þetta.“ Hún telur einkaaðilana jafnframt hafa ákvæðar skyldur til að hjálpa til við að byggja upp sterkt og gott samfélag, enda séu í því fólgin viðskiptatækifæri líka og segir að lokum: „Það vill enginn fjárfesta á eyðieyju.“

### ENGINN VILL FJÁRFESTA Á EYÐIEYJU

Þórunn er ekki í vafa um að hátið á borð við þessa væri ekki hægt að halda nema með samstarfi einkaaðila og opinberra aðila.



**HRÖNN  
GREIPSDÓTTIR,  
HÓTELSTÝRA  
RADISSON  
SAS** Hrönn þykir vel staðið að Listahátið sem skipti höfuðmáli fyrir þátttökum einkafyrirtækja.

## Styrkir ímynd Reykjavíkur

Radisson SAS Hótel Saga hefur verið styrktaraðili að Listahátið í Reykjavík frá því menningarárið 2000. Flestir þeirra listamanna sem taka þátt í Listahátið gista á hótelum keðjunnar en hluti af styrktarsamningnum við Listahátið felst í ákveðnum fjölda gistenáttu auk þess sem föst upphæð er greidd í formi styrkjara.

Hrönn Greipsdóttir segir samstarf milli Listahátiðar og einkafyrirtækja afar jákvætt fyrir þáð aðila. Hún segist finna fyrir því að hátiðin veki athygli á Íslandi sem áfangastað og landið fái fyrir vikið meiri „klassa“ í hugum ferðalanga. Hún segir vont að dæma um hversu margir komi hingað í beinum tengslum við Listahátið enda sé yfirleitt nokkuð mikil að gera í maímánuði. „Við látum gögn um Listahátið liggja frammi, bæði fyrir og eftir hátiðina, sem vekur mikla athygli útlendinga. Áhrifin af Listahátiðinni eru að mínu mati mjög jákvæð, ekki einungis fyrir maímánuð heldur fyrir allt árið.“

Hrönn þykir einkar vel staðið að Listahátið undir stjórn Þórunnar Sigurðardóttur sem hún segir skipta höfuðmáli til að tryggja þátttökum og áhuga einkafyrirtækja sem hugleiði að sjálfssögðu hvernig samstarfið samræmist stefnu fyrirtækisins. „Þórunn hefur staðið sig frábærlægum í því að finna listamenn, suma hverja á heimsmælikvarða sem mann hefði aldrei dreymt að myndu koma hingað. Í dagskránni má finna eitthvað við allra hæfi og mikil og breitt úrval listamanna sem hafa tekið þátt í hátiðinni. Það er frábært að geta sagt frá þeim listamönnum sem hafa komi hingað og þeim listviðburðum sem hafa átt sér stað hér í okkar markaðssetningu. Það gerir okkur miklu trúverðugri og Ísland miklu meira spennandi sem áfangastað fyrir útlendinga.“



## Góður vinnufélagi



Vinnuföt - Hlíðarföt Vesturvör 7 • 200 Kópavogi • Sími: 534-2900 • Fax: 534-2901

Sími: 534-2900

Prentskrá ehf

## Hjólhýsi á ótrúlegu verði!

### Léttbyggd hjólhýsi á ótrúlegu verði

Helstu mál:

lengd á húsi  
breidd  
hæð  
þyngd

305 cm  
195 cm  
181 cm  
750 kg



## VÉLAR: FJÓNUSTA

Járhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

# 12%

Nafnávöxtun í apríl 2006: 12% á ársgrundvelli.\*

## SJÓÐUR 9 – FRÁBÆR SKAMMTÍMAÁVÖXTUN

Sjóður 9 fjárfestir aðallega í ríkisverðréfum, bankavíxlum, innlánnum og stuttum skulda-bréfum. Hann sveiflast mjög lítið og hentar því sérlega vel fyrir skammtímaávöxtun og fyrir þá sem vilja hafa greiðan aðgang að sparifé sínu.

### ENGINN MUNUR Á KAUP- OG SÖLUGENGI MJÖG LITLAR VERÐSVEIFLUR

#### KOSTIR VERÐBRÉFASJÓÐA GLITNIS:

- Mikil áhættudreifing og góð ávöxtun
- Eignastýring í höndum sérfræðinga
- Ávallt innleysanlegir

Þú getur fjárfest í áskrift eða keypt fyrir staka upphæð. Farðu á [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is) og kláraðu málið.

Sjóður 9 er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslysingi og útdrátt úr útboðslysingum má nálgast í útibúum Glitnir eða á [www.glitnir.is/sjodir](http://www.glitnir.is/sjodir).

\*Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

## HÉÐAN OG PÁÐAN

# Hvítur skógarbjörn

Afkvæmi hvítabjörns og skógarbjörns hefur fundist í Kanada. Vísindamenn telja blöndun tegundanna óæskilega.

Vísindamenn hafa staðfest að björn sem skotinn var í Norður-Kanada á dögunum sé afkvæmi hvítabjörns og skógarbjörns. Er betta í fyrsta sinn sem slíkra bjarna verður vart í náttúrulegu umhverfi en áður höfðu þeir einungis hafst við í dýragörðum.

Björninn var skotinn af bandarískum veiðimanni sem var í frii í Norður-Kanada. Leiðsogumaður skyttunnar tók eftir því að bráðin var með lengri klær en venjulegur ísbjörn, auk þess að vera undarlega grár af hvítabirni að vera.

Björninn var fluttur til Edmonton til rannsókna og grunur leiðsogumannsins staðfestur „Þetta er í fyrsta skipti sem villts afkvæmis skógar- og hvítabjörns verður vart. Við vissum að þetta var fræðilega hugsanlegt, og þá einungis á litlu svæði í Kanada þar sem mögulegt er að tegundirnar mætist,“ sagði Ian Sterling líffræðingur, sem rannsakaði björninn.

**HVÍTABJÖRN** Þessi hvítabjörn á ekki lengur einungis frændur meðal skógarbjarna, heldur líka hálfsvystkini.

Líffræðingar hafa þó lýst efasemdu um að kynblöndun hvíta- og skógarbjarna sé æskileg. Til þess séu lífshættir tegundanna of ólkir.

- jsk



## Kínverjar stærstir eftir tuttugu ár

Hagvöxtur hefur verið mikill í Kína undanfarin ár og er búist við að landið verði stærsta hagkerfi í heimi eftir 20 ár. Þetta eru niðurstöður könnunar sem gerð var fyrir breska Ríkisúvarpið í 10 löndum í apríl.

41 prósent þeirra 9.503 sem þáttóku í könnunni sögðu mestar líkur á að Kína yrði stærsta hagkerfi í heimi árið 2026. Bandaríkin lenti í öðru sæti þvert á væntingar bandarískra fjárfestingabankans Goldman Sachs en 10 prósent sögðu Japan verða stærsta hagkerfi heims eftir 20 ár og lenti landið í þriðja sæti.

Athygli vekur að Indland lenti í fjórða sæti í könnuninni en 6 prósent þáttakenda töldu landið verða stærsta hagkerfi heims eftir 20 ár. Að sögn breska ríkisúvarpsins er ástæðan fyrir því að landið lenti ekki í fyrsta sæti meðal annars fátækt og mikil stéttaskipting á Indlandi. Þó er búist við að Indverjar fari fram úr Kínverjum enda er lýðræðisprórun lengra á veg komin bar í landi auk þess sem tungumálakunnatá landsmanna er meiri. Þó er talið að Indverjar fari ekki fram úr Kínverjum fyrr en stefna hinna síðarnefndu að eignast aðeins eitt



**KÍNVERJAR Í LEIKFIMI** Meirihluti þáttakenda í könnun breska ríkisúvarpsins býst við að Kína verði stærsta hagkerfi heims eftir 20 ár.

barn á fjölskyldu fer að hafa áhrif á efnahag landsins.

- jab



## SÖGUHORNID

### Stjörnufræðingur andast


Í dag eru liðin heil 463 ár frá andlái póska stjörnufræðingsins Nikulásar Kópernikusar og útgáfu bókar hans um sólmiðju-kenningu. Kópernikus, sem skírður var Mikolaj Kopernik, fæddist hinn 19. febrúar árið 1473. Hann var einungis 10 ára gammall þegar faðir hans sem var vellauðugur kaupsýslumaður lést. Móðurbróðir Kópernikusar tók drenginn og þrjú systkini hans að sér.

Talið er að Kópernikus hafi komist fyrst í kynni við stjörnufræði þegar hann innritaðist í háskólanum í Kraká, þá 18 ára að aldri. Bækur hans frá skóla-árunum, sem Svíar tóku herfangi þegar þeir réðust inn í Pólland um miðbik 17. aldar og geymdar eru í Uppsala-háskóla í Svíþjóð, bera þess skýr merki að hann hafi heillast af fræðunum. Námið stóð í fjögur ár en að því loknu hélt hann til Bologna og Padúa á Ítalíu til að nema lög- og læknisfræði.

Kópernikus var 24 ára þegar honum gafst í fyrsta sinn tækifæri til að virða fyrir sér himinhvolfin í stjörnusjónauka undir handleiðslu kennara síns, Domenicos Maria Novara da Ferrara, eins þekktasta stjörnufræðings 15. aldar.

Um svipað leyti komst hann yfir verk Ciceros og Platós um hugmyndir fornra heimspekinga um jörðina og himinhvolfin.

Hann hélt loks heim á leið þremur árum síðar til að taka við starfinu sem frændi hans hafði skipað hann í. Starfinu sinnti hann að heilindum og lagði hann ekki stund að stjörnu-skoðun nema í frístundum.



**NIKULÁS KÓPERNIKUS** Þessi tölvi-teiknaða mynd er gerð eftir höfuðkúpu sem fannst í dómkirkjunni í Frombork í fyrra og er talin vera af stjörnufræðingum Kópernikusi.

MYND/AFP

Engu að síður hélt hann áfram að þróa hugmyndir sínar um himinhvolfin. Orðrómur fór á kreik um kennningar hans. Þær þóttu byltengarkenndar og báru kennimenn og starfs-bræður Kópernikusar hróður hans víða um Evrópu. Árið 1536 var svo komið að þrýst var á hann að gefa niðurstöður sínar út á bók. En Kópernikus létt ekki undan og er talið að hann hafi óttast viðbrögð kirkjunnar við hugmyndum sínum um að jörðin væri ekki miðpunktur alheimssins líkt og löngum var talið.

Kópernikus létt loks undan þrýstingi frá vinum sínum og samstarfsbræðrum og ákvað að prenta og gefa út meginrit sitt, Um snúninga himinhvelanna (De revolutionibus orbium coeléstium) árið 1543. Sagt er að fyrsta eintak bókarinnar hafi borist í hendur stjörnufræðingsins þegar hann lá banaleguna í kjölfar hjartaáfalls og gafst honum tækifæri til að líta ævistarf sitt augum áður en hann lést sama dag.

GLITNIR

RIVERCLACK  
R 55 CLACK

# Fallegustu húsin

Pakklæðning sem getur ekki lekið !  
Ný framtíð engir naglar frábær arkitektur

10 ára verksmiðjuábyrgð

Umboðsaðili á Íslandi  
**Nova Iceland ehf**

Hamraborg 7

Hamraborg 7

Sími 5172328

GSM 6931328

[freysij@internet.is](mailto:freysij@internet.is)   [nova@internet.is](mailto:nova@internet.is)

Stálgrindarhús af öllum stærðum og gerðum



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkio...

Hagvaxtarhorfur í heiminum eru góðar að mati OECD.

## Aðhaldskrafa á ríkisstjórnina áréttuð

Haflidi Helgason

Ný skýrsla Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar OECD er enn ein staðfesting þess að Seðlabankinn mun að óbreyttu hækka vexti sína enn frekar til að halda aftur af þenslu í hagkerfinu.

OECD bendir á að ríkið verði að halda aftur af þenslunni með aðhaldsaðgerðum. Þetta eru kunnuglegar athugasemdir sem ber að taka alvarlega. Vöxtur hagkerfisins er farinn að reyna verulega á framleiðslugetuna. Góðarið setur viðmið í samfélaginu og þrýstingur er á að laun hækki. Hættan á verulegu ójafnvægi og hárðri lendingu í kjölfarið er því raunveruleg og þarf að taka af alvöru og festu.

Síðasti áratugur hefur verið mikil hagseldarskeið í þjóðarbúskapnum. Kaupmáttur launa hefur vaxið hratt og almennt eru lífskjör hér með því besta sem gerist. Vöxturinn hefur verið mikill og takmörk fyrir því hvesu miklu er hægt að kyngja í einu. Stjórvöld verða því að hægja á sprettinum ef ekki á illa að fara.

Síðla tíma á að nýta til hagræðingar á ýmsum sviðum. Út eru tækifæri til hagræðingar á fjármálarkaði. Bæði með því að taka skynsamlega á breyttum aðstæðum á húsnaðislánamarkaði og láta einkareknu fjármálakerfi eftir fjármögnum íbúðarhúsnaðis og sameiningu sparisjóða innbyrðis eða við aðrar fjármálastofnanir. Það eru einfaldlega engin rök fyrir því lengur að ríkið láni örðum en þeim sem þurfa félagsleg úrræði fyrir íbúðarhúsnaði sínu.

Annað er hvenær næstu hagsveiflu verður hleypt af stað. Þar skiptir verulegu máli að hagkerfið fái að anda áður en ráðist verður í frekari stóriðjufjárfestingu. Verði of hratt farið er hætta að að uppsveifla af þeim völdum drepi af sér aðra uppbyggingu atvinnu í landinu.

Tímarnir framundan eru varasamir og mikilvægt að stjórnvöld taki af fullri alvöru á því sem framundan er. Þar er meira en svo í húfi að það leyfi veruleg pólitisk yfirboð í aðdragandi komandi þingkosninga. Þar liggur sameiginleg ábyrgð stjórnar og stjórnaraðstöðu að halda aftur af yfirboðum komandi kosningabaráttu.

Þaða hagkerfisins leyfir ekki annað en að allir rói í sömu átt. Hátt atvinnustig ætti að opna möguleika á endurskipulagningu hjá hinum opinbera, án þess að afleiðingin verði atvinnuleysi. Tíminn hefur verið illa nýttur, en þótt að undanförnu hafi verið þörf, þá er nauðsyn ný. Við núverandi aðstæður væri í meira lagi óábyrgt að nýta ekki eigin tækifæri til hagræðingar og auka lagalegt svigrúm til hagræðingar annars staðar.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olíkr@markadurinn.is

## Betri leið til að vinna á tímaskorti

"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað..."  
Fylkir Sævarsson, 39 ára löndraféringur.

"Í þessu er fólginn mikill tímasparnaður." Ester Ýr Jónsdóttir, kennari

"Hreinn tímapjófur að láta það fram hjá sér fara." Rut Skúladóttir, 20 ára nemi.

## Meiri tími – Aukið forskot – Sterkari sérstaða

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursíkt, góð þjónusta.

**Nýtt námskeið - 6. vikna hraðnámskeið 7. júní**

**Akureyri 3. vikna hraðnámskeið 26. júní**

**Náðu árangri með okkur í sumar og skráðu þig á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans.**

**Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400.**

**Gerum föst verðtilboð í fyrtækjanámskeið**



VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

## Verðbólgskot og trúverðugleiki

### ORD Í BELG

**Pórður Pálsson,**  
forstöðumaður  
greiningardeildar  
Kaupþings banka.



Verðbólga hefur vaxið hröðum skrefum að undanförnu og hefur nú náð 7,6% þegar litið er til 12 síðustu mánaða. Eins og kunnugt er er Seðlabankinn á verðbólgsmarkmiði sem miðast við að halda verðbólgu stöðugri í kringum 2,5%. Til þess að sinna bessu hlutverki sínu beitir Seðlabankinn skammtíma óverðtryggðum vöxtum en helsta vopn hans í baráttu er trúverðugleiki hans sjálfsg og áhrif markmiðs hans á væntingar. Hins vegar hefur það vopn verið deigast þegar bankinn þarf helst á því að halda.

Að undanförnu hefur verið töluluverð og oft á tíðum mjög gagnrýnin umfjöllun um framkvæmd peningamálastefnu Seðlabankans. Seðlabankinn hefur vitanlega svarað því til að hann hafi aðeins eitt markmið samkvæmt lögum og beri að framfylgja því. Þetta fyrirkomulag verður síðan til þess að Seðlabankinn verður einangraður frá þjóðfélagsumræðunni og gagnrýni á framkvæmd stefnunnar gjarnan afgreidd sem vankunnáttu eða sérhagsmunapot.

Í sjálfu sér þarf það ekki að vera slæmt að Seðlabankanum sé skýlt fyrir þrýstingi ýmissa bjóðfélagsþópa með þessu fyrirkomulagi, bara ef við værum viss að hann hefði rétt fyrir sér. Umræðan nú er til marks um að trúverðugleikinn hefur beðið hnekki og verðbólgskotið sem nú gengur yfir grefur undan honum.

Ástæðan fyrir því að allir seðlabankar þróaðra landa hafa verðstöðugleiki ýmist að opinberu eða óopinberu markmiði er sú að reynslan sýnir að verðbólga hefur mjög skaðleg áhrif á bæði efnahag og verðmætamat þjóða. Hagrannsóknir hafa meðal annars sýnt að það að lækka verðbólgu eykur hagvöxt. Þannig hefur það góð áhrif til lengri tíma að lækka verðbólgu þótt það kunni að valda sársauka til skemmti tíma litid.

Þegar umræður hófust um töku beinna verðbólgsmarkmiða seðlabanka um miðjan síðasta áratug var það jafnframt útbreidd skoðun hérleindis sem erlendis að verðstöðugleiki leiddi sjálfkrafa til fjármálastöðugleika. Það hefur þó sýnt sig

erlendis að fjármálalegur óstöðugleiki getur hæglega byggst upp þrátt fyrir lága verðbólgu og að lág verðbólga geti jafnvel skapað falska öryggiskennd. Ennfremur komu tvö kunnust skeið fjármálaþóðugleika sögunnar, kreppan á þriðja áratugnum í Bandaríkjum og þeim tíunda í Japan í kjölfar verðstöðugleika.

Skaðsemi verðbólgu fyrir hagvöxt er fyrst og fremst að hún brenglar hlutfallslegt verð í hagkerfinu og þar með ákvárdanir um fjárfestingar. Verðstöðugleiki þýðir ekki að verð allrar vörur sé stöðugt heldur að verðlag almennt hækki í ákveðnum takti þótt verð hverrar einstakrar vörur geti sveiflast tölvert.

Sú skilgreing á verðbólgu sem oft er sett fram er að of mikil af peningum elti of fáar vörur sem leiði til almennum hækkaná. Það skiptir síðan vitaskuld mál fyrir hlutfallslegt verðlag hvaðan peningaflæðið kemur, til að mynda frá eignamörkuðum eða útflutningsframleiðslu svo dæmi séu tekin. Samt sem áður er lokaniðurstaðan ávallt sú að hlutfallsverð brenglast og þegar verðbólgu síðan hjaðnar og hlutfallslegt verð lagar sig að raunverulegi eftirsíður í hagkerfinu verður niðursveifla þegar fjárfestingarmistök uppseiflunnar koma í ljós.

Nú hins vegar vilja Seðlabankar ekki líta til peningamagns við framkvæmd peningastefnunarr. Ef litið er til númerandi uppsveiflu vekur vitanlega athygli að bindiskylða Seðlabankans var lækkuð í ársbyrjun 2003 og þar með gáttir aukins peningamagns opnaðar. Síðan þá hefur tólf mánaða aukning peningamagns í umferð að meðaltali verið um 19%, en það er rétt áratugur síðan almennt var talið helsta markmið Seðlabanka að hafa hemil

á peningamagni. Þessi aukning í peningamagni kom vitaskuld ekki strax fram í verðbólgu heldur hækken eignamarkaða sem skapaði auðsáhrif sem hafa nú verið að koma fram.

### EFNAHAGSLEGIR NAGGRÍSIR?

Eitt af því sem hefur verið mikil rætt er hvort eðilegilegt sé að miða við vísitölu neysluverðs eins og hún er reiknuð af Hagstofunni við mælingu á verðstöðugleika. Í mælingu Hagstofunnar vegur fasteignaverð um 23%. Það er vægast sagt ákaflega umdeilt hvort seðlabankar eigi að miða við eignaverð þegar þeir vinna að verðstöðugleika.

Peir sem mæla helst gegn því benda á að ef eignaverð á að vera inni í markmiðinu þurfi seðlabanki að leggja mat á hvort eignabóla sé til staðar eða ekki, en það er eins og kunnugt er svo gott sem ómóglegt nema eftir á. Það er ekki komin nein reynslu á að seðlabankar reyni þetta annars staðar frá, nema einna helst í Japan þar sem þetta hefur gefist illa. Íslendingar eru því tilraunaðir í þessum fræðum.

Að auki hefur fasteigna fjármögnum á Íslandi gengið í gegnum byltingu sem er einskiptis aðgerð að undanförnu eftir því sem bankar hafa hrundið einokun íbúðalánasjóðs og afnumið fjármagnshöft við fasteignafjármögnum. Það hefur valdið hækken fasteignaverðs sem er kerfisleg og ekki líkleg til að gerast aftur.

